



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

félagsfræði

**„Við erum ekki vondi maðurinn þegar við
förum inn á heimili“**

Upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis

Sonja Einarsdóttir

Október 2009



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

félagsfræði

**„Við erum ekki vondi maðurinn þegar við
förum inn á heimili“**

Upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis

Sonja Einarsdóttir

Október 2009

Leiðbeinandi: Jón Gunnar Bernburg

Nemandi: Sonja Einarsdóttir

Kennitala: 280972-5179

Útdráttur

Rannsókn þessi fjallar um upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis og byggir á eiginlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru viðtöl við ellefu lögreglumenn af báðum kynjum og skiptist rannsóknin í þrjá meginhluta. Í fyrsta hlutanum er fjallað um þær erlendu rannsóknir sem skoðað hafa aðkomu lögreglunnar á vettvangi heimilisofbeldis, allt frá útkalli og þar til kemur að þeim aðgerðum sem lögreglumenn beita á vettvangi. Í öðrum hluta eru viðmælendur kynntir og hvernig gögnum var aflað. Síðasti hlutinn byggir á niðurstöðum úr viðtölunum ellefu og gefa þær til kynna að mörgum lögreglumönnum reynist erfitt að mæta á vettvang heimilisofbeldis, sérstaklega ef þeir hafa ítrekað farið á sama heimilið. Aðgerðir þeirra á vettvangi eru misjafnar, þar sem aðallega er farið að óskum þolenda og gerendur eru sjaldan handteknir. Ólík viðhorf mæta lögreglumönnum frá íbúum og fara þau eftir því hvort tilkynningin um ofbeldið kom frá heimilinu eða frá utanaðkomandi aðila, þá er sérstaklega reynt að meina lögreglumönnum inngöngu. Lögreglumenn finna fyrir auknu álagi og lítill tími gefst til að setjast niður og ræða saman um atburði dagsins, eins og áður tíðkaðist. Slíkar breytingar setja mark sitt á lögreglumenn.

Abstract

This study, which is based on qualitative research methods, revolves around the experiences of police officers when they have been called to the scene of domestic violence. Eleven police officers, both men and women, were interviewed. This thesis is divided into three parts; the first part discusses non-Icelandic studies which scrutinize the officers' approach at the scene of domestic violence, from dispatch until the course of action. In the second part, the participating police officers are introduced as well as the method used for data collection. The third and last part provides the main findings, and shows, among other things, that many of the police officers find it difficult to appear on the scene of domestic violence, especially when they have repeatedly been called to the same household. The course of action at the scene varies, but it is primarily aimed at the victim, while perpetrators are seldom arrested. The police officers have to deal with the different attitudes of the residents, depending on whether the call came from within the household or from outsiders. In the last case, they are often hindered in their attempt to enter the scene. Police officers are experiencing increased levels of stress, and there is hardly an opportunity to sit down with colleagues and discuss the incidents of the day. These changes put their mark on police officers.

Formáli

Ritgerð þessi er metin til 60 eininga (ECTS) af meistaraþrófi í félagsfræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Jón Gunnar Bernburg, dósent og þakka ég honum gott samstarf og leiðsögn. Einnig vil ég þakka Rannveigu Þórisdóttur félagsfræðingi og öðru samstarfsfólki mínu hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu fyrir góð ráð, skilning og hvatningu. Þóra Elfa Björnsson, Thamar Melanie Heijstra og Sigurður Stefán Haraldsson fá einnig þakkir fyrir yfirlestur og ábendingar. Fjölskyldu minni, Balla, Einari Má og Emmu Rún, þakka ég sérstaklega fyrir ómetanlega aðstoð og ekki síst þolinmæði. Síðast en ekki síst vil ég þakka tengiliðum mínum og viðmælendum fyrir þeirra hlut í rannsókninni, því án þeirra hefði hún aldrei litið dagsins ljós.

Reykjavík 2009
Sonja Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli	5
Efnisyfirlit	6
Inngangur	8
Erlendar rannsóknir	11
Tilkynningar heimilisofbeldis til lögreglu	11
Lögreglan á vettvangi heimilisofbeldi	12
Aðgerðir á vettvangi	13
Handtökur	15
Austurríska leiðin	17
Lögreglumening	18
Viðhorf lögreglumanna	21
Starfsþrot lögreglumanna	23
Gögn og aðferðir	24
Rannsóknaraðferð	24
Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla	25
Undirbúningur og val á þátttakendum	26
Þátttakendur	27
Niðurstöður	28
Verklagsreglur heimilisofbeldismála	28

Á vettvangi	29
„Hann er búinn að gera þetta áður“	29
„Við reynum bara að stoppa þetta ástand og tryggja það næsta sólarhringinn“	31
Ákærur	35
Handtökur	37
Viðbrögð íbúa	39
„Það er miklu auðveldara fyrir okkur að fara inn þegar hringingin kemur úr íbúðinni“	39
„Það skiptir öllu máli hvernig við komum fram“	42
Misræmi í frásögnum íbúa	45
Enginn vilji til aðgerða	47
Tilfinningaleg upplifun og viðhorf lögreglumanna	50
Alvarleiki heimilisofbeldis	50
„Af hverju er maður að leggja þetta á sig?“	51
Starfsálag lögreglumanna	54
Stuðningur frá öðrum lögreglumönnum	56
Framtíð og breytingar	58
Fræðsla lögreglumanna um heimilisofbeldi	60
Umræða	63
Aðgerðir á vettvangi	63
Viðhorf aðila og upplifun lögreglumanna á vettvangi	65
Breytingar	68
Rannsóknarspurningum svarað	69
Frekari rannsóknir	70
Heimildir	71

Inngangur

Heimilisofbeldi er alvarlegt vandamál sem teygir anga sína víða (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Johnson, 2007). Á síðastliðnum 20 árum hefur þó orðið mikil breyting í þekkingu manna á heimilisofbeldi, útbreiðslu þess og tengsl þess við önnur félagsleg vandamál (Danis, 2003). Afleiðingar heimilisofbeldis eru einstaklingsbundnar en benda má á algengar afleiðingar, eins og öryggisleysi, minna sjálfsmat, neikvæðara viðhorf til kynlífs, fjárhagslegan missi, atvinnuleysi og jafnvel dauði (Johnson, Ollus og Nevala, 2008; Marklund og Nilsson, 2008).

Nokkrar rannsóknir hafa verið gefnar út á Íslandi um einkenni og tíðni heimilisofbeldis, til dæmis bók Ingólfs V. Gíslasonar (2008) sem gerir þessu málefni mjög góð skil. Í útkominni rannsókn (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, óútgefið) sem unnin er úr lögreglugögnum í samstarfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og embætti ríkislögreglustjóra á tíðni heimilisofbeldis á Íslandi á árunum 2006 og 2007 kemur fram að alls voru 939 heimilisofbeldismál tilkynnt til lögreglunnar á tímabilinu. Af þeim voru 596 þeirra tilkynnt árið 2007. Í þriðjungu málanna höfðu gerendur áður beitt þolendur ofbeldi. Höfundar benda þó á að niðurstöður gefa ekki heildarfjölda tilkynninga því óvíst er að þeir sem verða fyrir ofbeldi af hendi einhvers nákomins tilkynni verknaðinn til opinberra aðila (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, óútgefið).

En ef litið er á helstu niðurstöður rannsóknarinnar, þá eru konur í miklum meirihluta þolendur eða í 70% tilvika og eru á aldrinum 18-35 ára. Þolendur heimilisofbeldis eru í miklum meirihluta konur og verða þær jafnframt fyrir mun alvarlegri líkamlegum áverkum en karlmenn sem þolendur (Moffitt og Caspi, 1999; Marklund og Nilsson, 2008). Heimilisofbeldi af völdum kvenna hefur ekki verið litið eins alvarlegum augum og ofbeldi af hálfu karlmannna og hafa þeir frekar haft tilhneigingu til að líta á ofbeldi gegn sér sem einkamál heldur en kvenmenn (Felson, Messner, Hoskin og Deane, 2002).

Í rannsókn Guðbjargar S. Bergsdóttur og Rannveigar Þórisdóttur (óútgefið) kemur eru gerendur aftur á móti á aldursbilinu 35-51 árs og eru þeir núverandi makar þolenda í rúmum fjörutíu prósent tilvika. Þegar litið er á ástæður

ofbeldisins, kemur í ljós að skilnaður eða sambandslit eru aðalástæðan. Í 15% tilvika er áfengis- eða vímuefnaneysla gefin sem ástæða, þar sem gerandi er mun oftast ölvaður en þolandi. Helmingur heimilisofbeldismála er tilkynnt um helgar, þar sem þolandi tilkynnir ofbeldið í tæp 70% tilvika en gerandi í aðeins 4% tilvika.

Þegar litið er á aðgerðir lögreglunnar á vettvangi kemur í ljós að í rúmum helmings tilvika verður þolandi eftir heima og ekkert frekar er aðhafst. Í tæpum 27% tilvika fer þolandi af vettvangi, til fjölskyldu eða vina, eða í Kvennaathvarf í 17% tilvika. Í tæpum 40% tilvika verður gerandinn eftir á vettvangi. Þegar lögregla mætir á vettvang, fer gerandi annað hvort af vettvangi í rúmlega þriðjungs tilvika eða er þegar farinn. Gerandi er handtekinn í 20% tilvika (Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, óútgefið).

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis og skiptist hún í þrjá meginhluta. Í fyrsta lagi verður fjallað um þær erlendu rannsóknir sem til eru um aðkomu lögreglumanna að heimilisofbeldi, allt frá því hvernig tilkynningu ber að, hvernig lögreglumenn bera sig að á vettvangi og viðhorf þeirra og að lokum starfsþrot þeirra sem ekki hefur verið mikið fjallað um í fræðilegum rannsóknum. Aðferðum og framkvæmd rannsóknarinnar verður gerð skil í öðrum hluta og þátttakendur kynntir. Að lokum eru niðurstöður settar fram með það að leiðarljósi að draga fram þau atriði sem viðmælendur eiga sameiginlegt af upplifun sinni á vettvangi heimilisofbeldis.

Sú rannsóknaraðferð sem liggur að baki rannsókninni er eigindleg aðferðafræði og byggir rannsóknin á viðtölum við 11 lögreglumenn, 6 konur og 5 karla með mislanga starfsreynslu. Viðtölin voru tekin á tímabilinu febrúar til september 2009. Með viðtölunum er leitast við að fá betri innsýn í upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis, en þetta hefur ekki verið skoðað á Íslandi.

„Við erum ekki vondi maðurinn þegar við förum inn á heimili“ sagði Ásta mér þegar við ræddum saman á vormánuðum 2009, um upplifun hennar á vettvangi heimilisofbeldis. Þessi orð lýsa vel þeim viðhorfum sem mæta lögreglumönnum þegar þeir koma inn á heimili eftir að tilkynnt hefur verið um ofbeldi. Útkall á vettvang heimilisofbeldis er algeng reynsla meðal viðmælenda minna og vita lögreglumenn í raun aldrei hverju þeir eiga von á. Hvort sem að

hlutaðeigandi aðilar eru þolendur eða gerendur ofbeldisins, hafa þeir mismunandi skoðun á veru lögreglumanna inni á heimilum þeirra.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar og sú rannsóknarspurning sem lögð er hér til grundvallar er: Hver er upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis? Til að svara rannsóknarspurningu og ná markmiðum rannsóknar er leitast við að svara nokkrum efnisatriðum. Í fyrsta lagi, hvaða viðhorf mæta lögreglumönnum frá aðilum á vettvangi og hvað hefur áhrif á viðbrögð þeirra? Í annan stað, hvaða aðgerðum er beitt á vettvangi heimilisofbeldis? Í þriðja lagi, eru einhverjar breytingar sem lögreglumenn vilja sjá á aðgerðum eða málefnum tengdum heimilisofbeldi?

Erlendar rannsóknir

Tilkynningar heimilisofbeldis til lögreglu

Marklund og Nilsson (2008) benda á að tilkynningar frá konum sem hafa sætt ofbeldi af hálfu maka síns hafa aukist frá árinu 1990. Enda hafa brot af þessu tagi fengið mun meiri athygli en áður, sem gæti auðveldað þolendum að tala um reynslu sína. Í rannsókn sem Langan og Innes framkvæmdu árið 1986 kemur þó fram að einungis um helmingur heimilisofbeldismála eru tilkynnt til lögreglu (sjá í Marklund og Nilsson, 2008).

Niðurstöður Fleury, Sullivan, Bybee og Davidson II (1998) leiða í ljós að þolendur heimilisofbeldis hafa minni menntun og eru þeir sem ítrekað hafa orðið fyrir ofbeldi á heimili sínu líklegri að tilkynna það til lögreglunnar. Almennt eru konur þó líklegri en karlar að tilkynna lögreglu um ofbeldi sem þau verða fyrir á heimili sínu. Áfengisneysla geranda eykur sömuleiðis líkur á tilkynningu frá þolanda. Aftur á móti eru þolendur, samkvæmt Felson o.fl. (2002), ólíklegri að tilkynna lögreglu um ofbeldið ef þeir telja að geranda verði ekki refsað og ekki er hægt að staðfesta sök.

Aðrar ástæður eru gefnar fyrir því að þolandi tilkynni ekki ofbeldið til lögreglu. Sumir þolendur óttast frekara ofbeldi ef þeir tilkynna maka sinn, aðrir gefa þá ástæðu að þeim hafi líkamlega verið haldið frá því að nota símann eða að fjárhagslegt sjálfstæði þeirra sé lítið. Einhverjir þolendur telja að velferð barna sinna sé betur borgið með því að tilkynna ekki og margir finna fyrir skömm gagnvart fjölskyldu og vinum. Aðrir tilkynna ekki af því að þeir vilja bjarga hjónabandinu og óska þess að ofbeldinu muni ljúka án afskipta annarra, því oft á tíðum telja þeir að minniháttar tilvik makaofbeldis sé ekki nógu mikilvægt til að réttlæta afskipti lögreglunnar (Felson o.fl., 2002; Fleury o.fl., 1998; Hart, 1993; Hickman og Simpson, 2003; Johnson, 2007; Johnson o.fl., 2008).

Í rannsókn sem Berk o.fl. framkvæmdu árið 1984 kemur fram að þolendur eru líklegri að hringja í lögregluna eftir aðstoð ef börn þeirra eða önnur skyldmenn eru á vettvangi (sjá í Fleury o.fl., 1998) og sömuleiðis eru þeir líklegri að tilkynna ofbeldi af hendi fyrrverandi maka en núverandi (Felson, Messner og Hoskin, 1999).

Aftur á móti hafa rannsóknir sýnt að óánægja þolenda með viðbrögð lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis geta haft áhrif á það hvort þeir tilkynni um önnur atvik heimilisofbeldis í framtíðinni (Erez og Belknap, 1998; Felson o.fl., 2002; Fleury o.fl., 1998; Johnson, 2007).

Í rannsókn Marklund og Nilsson (2008) er algengast að þolendur tilkynni sjálfir ofbeldið til lögreglu eða í áttatíu prósent tilvika og af þeim þolendum sem oftast en einu sinni höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi, höfðu rúmlega 30% þeirra að minnsta kosti einu sinni áður tilkynnt atvikið til lögreglunnar.

Lögreglan á vettvangi heimilisofbeldis

Í rannsókn sem Hendricks framkvæmdi árið 1991 kemur fram að lögreglan er oft fyrsti aðilinn á vettvang heimilisofbeldis og af þeim sökum spilar hún mikilvægt hlutverk í því hvernig ofbeldi á heimilum er leyst (sjá Corcoran, Stephenson, Perryman, Allen, 2001).

Í rannsókn Johnson (2007) kemur fram að það hafi ekki verið fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar að heimilisofbeldi hafi verið talið það alvarlegt vandamál að afskipti laganna þurfti til. Afskipti lögreglunnar á vettvangi heimilisofbeldis urðu algengari við þessar viðhorfsbreytingar (Buchbinder og Eisikovits, 2004) og kemur fram í rannsókn Corcoran o.fl. (2001) að fyrir 1966 hafi lögreglumenn ekki fengið neina þjálfun varðandi heimiliságreining og aðeins nokkrar stefnur og starfsreglur voru fáanlegar um þetta málefni.

Ólíkt ofbeldi af völdum ókunnugra, ríkir talsverð óvissa í makaofbeldi um það hver er þolandi og gerandi. Sökum þessarar tvíræðni þá reynast þessi útköll lögreglumönnum sérstaklega erfið og þar af leiðandi óþægileg og samkvæmt lögreglumönnum eiga þeir auðveldara með að afgreiða heimilisofbeldi þar sem líkamlegt ofbeldi hefur átt sér stað því þar er sök staðfest og ákvarðanataka lögreglumanna auðveldari (DeJong, Burgess-Proctor og Elis, 2008). Einn lögreglumaður í rannsókn Rigakos (1995) nefndi að hann vildi frekar eyða tíma sínum í „vonda menn“ heldur en að vera að eltast við heimilisofbeldismál.

Þolendur í rannsókn Stephens og Sinden (2000) skýra frá að sumir lögreglumenn geri lítið úr því heimilisofbeldi, dragi sögu þeirra í efa, sýni

viðbrögð afskiptaleysis og lítilsvirðingar eða eru dónalegir (Stephens og Sinden, 2000). Aðrar rannsóknir benda til þess að lögreglan telji þolendur heimilisofbeldis ábyrga og þeim er kennt um að hafa ögrað geranda og gætu komist hjá ofbeldinu með því að fara að óskum hans (DeJong o.fl., 2008; Hart, 1993; Rigakos, 1995).

Robinson og Chandek (2000) benda á að þolendur kunna að meta ráðleggingar lögreglu eða þegar hún veitir þeim upplýsingar um varnir gegn ofbeldinu, bendir þeim á athvarf og fylgir þeim jafnvel þangað. Kvenkyns þolendur í rannsókn sem Kennedy og Honneman framkvæmdu árið 1983, skýra frá jákvæðara viðhorfi gagnvart kvenkyns lögreglumanni en karlkyns. Þeir segjast finna fyrir meiri skilningi og umhyggjusemi frá lögreglukonum og þær benda þeim oftar á rétta aðila (sjá í Hanmer, Radford og Stanko, 1989; Johnson, 2007).

Lögreglumenn þurfa oft að gera tilraun til að útkljá fjölskyldudeilur. Á vettvangi heyra þeir sögur um óvenjulegar aðstæður, gamalt gremjuefni, svik, óheiðarleika og svívirðingu. Þeir reyna að greiða úr ástandinu með því að hlusta þolinmóðir á og ráðleggja varfærnislega (Bayley, 2006; Westley, 2006).

Aðgerðir lögreglumanna

Ýmsum aðferðum hefur verið beitt til þess stöðva ofbeldi inni á heimilum og virka sumar þeirra mjög vel undir við ákveðnar aðstæður en hingað til hefur engin ein leið þótt nógu skilvirk (Danis, 2003). Hér áður fyrr fengu lögreglumenn litla sem enga hjálfun í því hvernig beri að afgreiða heimilisofbeldismál og flestar deildir innan lögreglunnar höfðu engar áþreifanlegar stefnur varðandi heimilisofbeldi. Á sjöunda áratug síðustu aldar útfærðust stefnur á þá leið að hvetja lögreglumenn sem brugðust við útköllum um heimilisofbeldi að ró einstaklingana niður með því að nota sáttaumleitun. Frá því í byrjun áttunda áratugar hafa tilraunir kvennasamtaka leitt til breytinga í réttarkerfinu, þolendum heimilisofbeldis í hag (Leisenring, 2008).

Gracia, García og Lila (2008) benda á að fáar rannsóknir hafa beint sjónum sínum að því hvað valdi ákvörðun lögreglumanna um aðgerðir á vettvangi heimilisofbeldis. Þau tilvik heimilisofbeldis sem ekki eru talin nógu alvarleg í

augum lögreglumanna munu líklega fela í sér litla þátttöku lögreglu, þar sem einungis er rætt við aðila og þeim ráðlagt um næstu skref (Gracia, 1995).

Í rannsókn sinni benda Trujillo og Ross (2008) á að mat lögreglumanna á vettvangi fer eftir ótta þolanda sem stuðlar þar af leiðandi að ákvörðun lögreglumanna. Niðurstöður höfunda gefa til kynna að lögreglumenn eru líklegri til að spá fyrir um frekara ofbeldi þegar þolandinn sýnir hræðsluviðbrögð heldur en ef hann sýnir engin slík viðbrögð. Þó kemur fram að lögreglumenn eiga erfiðara með að skynja möguleikann á frekara ofbeldi þegar komið er í fyrsta skipti á vettvang.

Rannsókn Gracia o.fl. (2008) gengur út á að kanna viðbrögð spænskra lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis með því að skoða upplifun þeirra og þá ábyrgð sem þeir telja sig bera á vettvangi heimilisofbeldis. Ábyrgð vísar hér til þeirrar skyldu sem þeir telja sig bera undir ákveðnum aðstæðum heimilisofbeldis, til að mynda hvort þeir telji að útkallið komi sér ekki við. Því rannsóknir (Felson og Ackerman, 2001; Gracia og Herrero, 2006) hafa bent til þess að sumir lögreglumenn eru umburðarlyndari gagnvart heimilisofbeldi, telja það ekki alvarlegt og jafnvel minna alvarlegra en ofbeldi meðal ókunnugra og þar af leiðandi finna þeir fyrir minni ábyrgð á vettvangi.

Niðurstöður höfunda (Gracia o.fl., 2008) færa rök fyrir því, óháð viðhorfi og hvaða tilfinningu þeir hafa fyrir ábyrgð sinni á vettvangi heimilisofbeldis, þá kjósa þeir frekar að handtaka og ákæra, heldur en að ráðleggja aðilum á vettvangi eða vera of viðkvæmir fyrir óskum þolanda. Þessar niðurstöður styðja ekki aðrar rannsóknir (Avakame og Fyfe, 2001; Hart, 1993; Jordan, 2004; Robinson og Strohine, 2005; Smith, 2000) sem sýna fram á að venjuleg viðbrögð lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis eru að ræða við aðila og handtaka sjaldan. Það sem gæti haft áhrif á þessar niðurstöður höfunda (Gracia o.fl., 2008) er að á Spáni voru samþykkt lög árið 2004 um að rétta nálgunin í heimilisofbeldismálum væri að handtaka.

Höfundar (Gracia o.fl., 2008) benda á mikilvægi lögregluþjálfunar þar sem lögreglumenn eiga misauðvelt með að átta sig á alvarleikanum á vettvangi eða finna til ábyrgðar. Eftirlit og viðmiðunarreglur eru þau svæði sem beita þarf þjálfun í, með það að markmiði að auka samræmi og fábreytni í viðbrögðum lögreglu. Viðbrögð lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis spilar því mikilvægt og

táknrænt hlutverk. Rannsóknir hafa sýnt að jákvæð viðbrögð lögreglu eykur sjálfsmat þolenda, hvetur þá til að leita réttar síns og eykur ánægju þeirra á störfum lögreglu (Apsler, Cummins og Carl, 2003; Chandek, 1999; Gracia, 2004; Gracia o.fl., 2008; Holder, 2001; Martin, 1997).

Það viðhorf lögreglumanna að heimilisofbeldi sé brot á eftir að breiðast út til samfélagsins þannig að slíkt ofbeldi verði fordæmt (Gracia o.fl., 2008; Gracia og Herrero, 2006).

Handtökur

Ein af þeim breytingum sem gerð hefur verið í mörgum löndum á aðgerðum lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis er stefna sem hvetur til eða skipar fyrir um skilyrðislausu handtöku geranda. Hins vegar hefur handtökuskipun verið mikið rædd meðal fræðimanna, aðgerðasinna og opinberra starfsmanna innan réttarkerfisins og eru þeir ekki sammála um árangur skilyrðislausrar handtöku og þeirra áhrifa sem slíkt hefur á líf þeirra kvenna sem hún er hönnuð til að vernda (Leisenring, 2008).

Robinson og Chandek (2000) færa rök fyrir því að fyrir hvaða brot sem er, eru lögreglukonur ólíklegri að handtaka heldur en karlkyns lögreglumenn, þar sem þær fara frekar að óskum þolenda heldur en eftir fyrirfram ákveðnum stefnum. Að sama skapi bendir Leisenring (2008) á að lögreglumenn á vettvangi heimilisofbeldis eru líklegri til að handtaka geranda ef það er ósk þolanda. Sömuleiðis telja höfundar að eldri og reyndari lögreglumenn handtaki sjaldnar en yngri lögreglumenn (Robinson og Chandek, 2000). Þá hafa rannsóknir bent til þess að lögreglumenn eru hræddir við að handtaka þeirra muni ekki standast fyrir rétti (Edwards, 1990; Stanko, 1989).

Í rannsókn sem Rigakos framkvæmdi á viðbrögðum lögreglumanna árið 1997 kemur fram að lögreglumenn eru ólíklegri að handtaka ef þolandi er undir áhrifum áfengis eða ef hann hefur hleypt ofbeldishneigðum maka inn til sín (sjá í DeJong o.fl., 2008). Hins vegar eru lögreglumenn líklegri að handtaka gerendur ef þeir eru undir áhrifum áfengis og vímuefna og ef þolendur eru með áverka (Avakame og Fyfe, 2001; Bachman og Coker, 1995).

Þó bendir Jordan (2004) á að lögreglumenn eru tregir til að handtaka gerendur í heimilisofbeldismálum, jafnvel þó að um líkamlega áverka er að finna á þolendum. Auk þess sýna rannsóknir, að í minniháttar líkamsárásurum er lögreglan ólíklegri til að handtaka gerenda sem er maki þolenda heldur en ef hann ókunnugur þolenda (Felson og Ackerman, 2001; Jordan, 2004).

Ef kona er handtekin á vettvangi heimilisofbeldis er algengasta atburðarásin á þá leið að hún er handtekin um leið og maki sinn (Finn og Bettis, 2006). Þó færir Osthoff (2002) rök fyrir því að margar konur eru handteknar fyrir að það eitt að verja sig ofbeldinu eða þegar gerendur ljúga til um þær og saka þær um að vera valdar að ofbeldinu.

Skiptar skoðanir eru þó á fælingarmætti handtöku í heimilisofbeldismálum. Í rannsókn Berk, Campbell, Klap og Western (1992) á aðgerðum lögreglumanna í fjórum borgum Bandaríkjanna, eru þrenns konar afskipti mæld. Gerendur eru handteknir, þeim skipað að yfirgefa vettvang í sólarhring eða lögreglumenn koma á friði á vettvangi. Meðal annars eru áhrif atvinnu- og hjónabandsstöðu skoðuð. Niðurstöður þeirra leiða í ljós að ef gerendur hafa áður verið handteknir fyrir heimilisofbeldi eru auknar líkur á því að þeir beiti maka sinn ofbeldi aftur.

Auk þess gefur rannsókn Berk o.fl. (1992) svipaðar niðurstöður og rannsókn Pate og Hamilton (1992) og Sherman og Smith (1992) að handtaka hefur meiri fælingu í för með sér ef gerendur eru með atvinnu heldur en atvinnulausir. Atvinnulaus einstaklingur er oftast heima við og hefur fleiri tækifæri til að beita maka sinn ofbeldi heldur en einstaklingur í vinnu. Auk þess hefur handtaka minni fælingarmátt á frekara ofbeldi ef gerandi er ógiftur (Berk o.fl., 1992).

Að lokum benda höfundar (Berk o.fl., 1992) á að handtaka er ekki endilega áhrifameiri en aðrar lögregluaðgerðir til að koma í veg fyrir endurtekið ofbeldi. Aftur á móti gæti handtaka haft ólík áhrif á frekara ofbeldi þegar tekið er tillit til bakgrunns geranda. Stefnumótun í handtökumálum getur reynst flókin því oft eru engar upplýsingar að finna um gerendur. Þar af leiðandi er ekkert eitt svar við þeirri spurningu hvort að jafnaði er betra eða verra fyrir lögreglumenn að bregðast við heimilisofbeldi með handtöku (Berk o.fl., 1992).

Austurríska leiðin

Í byrjun tíunda áratugarins tóku mörg lönd Evrópu upp nýjar aðferðir til að ráðast gegn heimilisofbeldi. Fram að því var það eina sem lögreglan gat gert var að róa niður aðstæður á vettvangi og ráðleggja konum að yfirgefa heimilið og þá oft með börn sín (Logar, 2005).

Fyrsta maí 1997 voru lög um ofbeldisvernd (*Protection Against Violence*) samþykkt í Austurríki og samanstanda þau af þremur þáttum. Eftir að lögreglan hefur metið aðstæður á vettvangi og telur að líf, heilsa og frelsi einstaklinga sé í hættu, verður lögreglan að fjarlægja gerendur þegar í stað og koma í veg fyrir að þeir snúi aftur á heimilið eða í næsta nágrenni þess innan tíu daga. Gerendur má fjarlægja með valdi ef þeir neita að yfirgefa vettvang. Eitt af lykileinkennum þessara laga og það sem ólíkt er fyrri aðgerðum, er að lögreglan verður að bregðast við án þess að huga að óskum þolanda (Haller, 2005; Logar, 2005).

Ef gerendur óska eftir að ná í eigur sínar á heimilið, verður að tilkynna það þolendum. Gerendur eiga á hættu að fá sekt, ef þeir hlýða ekki reglum brotnámsins á meðan að það er enn í gildi og verið jafnvel handteknir ef þeir neita að yfirgefa svæðið. Sömuleiðis geta þolendur verið sektaður ef þeir leyfa gerendum að snúa aftur heim. Ef þolendur kjósa lengri vernd, vegna lögskilnaðar eða til að tryggja dvalarstað, vinnustað eða skóla barnanna, þarf aftur að sækja um það fyrir fjölskyldudómstóli (Haller, 2005; Logar, 2005).

Haller (2005) hefur skoðað áhrif laganna með því að taka viðtal við 22 kvenkyns þolendur. Þriðjungur þeirra hafði skilið við gerandann eða var það ferli í gangi þegar viðtölin fóru fram. Þriðjungur bjó enn með gerendum og lýsti aðeins ein þeirra því yfir að sambandið hafi batnað. Hinar konurnar sögðu frá því að þær hefðu aftur verið beittar ofbeldi en gætu ekki yfirgefið maka sinn. Ástæður þeirra voru til að mynda að þeim fannst þær ekki nógu sterkar til að yfirgefa ofbeldismennina, voru háðar þeim fjárhagslega eða voru of hræddar. Lögreglan hafði að auki tilkynnt sumum þolendum að afskipti lögreglunnar í annað sinn væri tilgangslaus þar sem þolendur hefðu ekki skilið við gerendur eftir fyrsta skiptið. Sumir þolendanna lýstu yfir viðhorfsbreytingum gagnvart lögnum. Í byrjun voru þær á móti þessum aðgerðum og vildu alls ekki að gerandi yrði fjarlægður en síðar

fannst þeim slíkar aðgerðir hjálpsamar. Að mati margra þeirra hefðu þær aldrei ákveðið að skilja án þess að fá hjálp frá lögreglunni (Haller, 2005).

Neikvæðar afleiðingar austurrísku leiðarinnar eru meðal annars þær að vegna skorts á fjármagni geta þjónustumiðstöðvar þolenda ekki útvegað þjónustu fyrir alla þolendur. Auk þess hefur brottnám gerenda ekki náð að halda mjög hættulegum ofbeldismönnum frá því að fremja frekara ofbeldi. Reynslan hefur sýnt sig að þó tilkynning hafi áður borist lögreglu, hefur gerendum ítrekað tekist að hóta þolendum og jafnvel myrt þá. Í Austurríki, svipað og í öðrum löndum, er mjög algengt að þolendur heimilisofbeldis dragi kærur á hendur mökum sínum til baka. Sömuleiðis hefur gengið erfiðlega að vernda konur af erlendum uppruna, þar sem þær eru oft háðar gerendum sínum, bæði félags- og fjárhagslega. Börn sem alast upp við heimilisofbeldi eru sjálf í meiri áhættu við það að verða gerendur eða þolendur (Logar, 2005).

Lögreglumening

Allir samstarfshópar deila með sér ákveðinni samsömun eða menningu. Innan lögreglunnar ríkir óvenjuþmikil samstaða þar sem lögreglumenn hafa tilhneigingu til að bera sig saman við aðra lögreglumenn (Skolnick, 2006).

Lögreglumening birtist fyrst í bók Jerome Skolnick, *Justice without trial: Law enforcement in democratic society*, sem kom út árið 1966 (Rigakos, 1995). Skolnick heldur því fram að lögreglumening sé vinnupersónuleiki lögreglumanna þar sem þeir sýna viðbrögð við lögreglustarfinu og þurfa að sýna afköst og vera duglegir. Lögreglumenn eru auk þess duglegir að benda á að lögreglustarfinu fylgi bæði áhætta og vald (Rigakos, 1995).

Ólíkar lögreglustofnanir eru sagðar þróa með sér sína eigin lögreglumeningu og hafa þó nokkrir fræðimenn veitt skiptingu lögreglumeningar athygli. Lögreglumeningu er að finna bæði innan lögreglumanna og á milli þeirra, óháð kyni og kynþætti (Waddington, 1999). Aftur á móti færa Chan (2006) og Waddington (1999) rök fyrir því að lögreglumening tengist yngri lögreglumönnum frekar.

Lögreglumening er hvorki einstök né ósveigjanleg, heldur getur hún breyst yfir tíma (Waddington, 1999). Skolnick (2006) gefur til kynna að starfseinkenni lögreglumanna getur valdið því að lögreglumenn einangrist og þar sem þeir eru oft á vakt þegar vinir þeirra eru í fríi. Þess vegna eru vinahópar lögreglumanna oft samansettir af öðrum lögreglumönnum

Waddington (1999) bendir á önnur einkenni lögreglumeningar, eins og karlmennska, óþolinmæði, fordómar og íhaldsemi og veltir því fyrir sér hvort að þessi einkenni endurspegli þá sem velji sér lögreglustarfið að atvinnu eða hvort slík hegðun lærist innan lögreglunnar. Chan (2006) telur að lögreglumening hafi sprottið upp í samskiptum við aðra lögreglumenn þar sem sagðar eru hetjusögur af lögregluaðgerðum. Lögreglumening er síðan viðhaldið af sönnum karlmönnum sem eru reiðubúnir að berjast og eru ekki hræddir við að standa andspænis líkamlegri ógnun (Waddington, 1999).

Þagmælska og samstaða er sterk innan lögreglunnar og hefur áhrif á hvaða hegðun er viðunandi innan lögregluhópsins (Cancino og Enriquez, 2004). Lögreglumening býður einnig meðlimum upp á tryggingu fyrir því að aðrir lögreglumenn muni ávallt standa við bak þeirra er þeir standa andspænis utanaðkomandi ógnun (Chan, 2006). Hjá Cancino og Enriquesz (2004) kemur auk þess fram að lögreglumenn er tilkynna ólöglegar aðgerðir samstarfsmanna sinna eru taldir afbrigðilegir og út frá lögreglumeningarlegu sjónarhorni er slík hegðun óæskileg.

Lögreglumening inniheldur dæmigerð gildi, venjur og viðhorf (Manning, 2006) sem gagnast lögreglumönnum undir ákveðnum kringumstæðum og að þeirra mati, réttlætir aðgerðir þeirra. Því eru lögreglumenn duglegir að vísa til menningarinnar í aðgerðum sínum, í stað þess að viðurkenna að þeir séu félagsmótaðir inn í hana (Chan, 2006; Waddington, 1999).

Lögreglumening er auk þess mikilvægasti mælikvarði á frammistöðu lögreglumanna, því þeir bera sig saman við hinn fullkomna lögreglumann sem lýst er í lögreglufræðum og kvikmyndum. Þar er góður lögreglumaður alltaf til staðar (Manning, 2006). En venjubundin lögreglustörf eru oft á tíðum leiðinleg og í fáum tilvikum þarf að beita valdi og mun mikilvægara er fyrir lögreglumenn að sýnast harðskeyttari en þeir eru og því er ekki óalgengt að þeir lýsi atburðum frá vettvangi á annan hátt en þeir í raun og veru gerðust (Waddington, 1999). Í

rannsókn Chan (2006) kemur auk þess fram að áhætta og óvissa eru hluti af lögreglustarfinu þar sem áhættan er búin til og viðhaldið af lögreglumönnum sjálfum.

Í rannsókn sem Van Maanen framkvæmdi árið 1973 kemur fram að margir nýliðar í lögreglunni eru oft með miklar ranghugmyndir um lögreglustarfið, þar sem þeir telja að lögreglustarfinu fylgi mikill hasar og stöðugur eltingaleikur við glæpamenn (sjá í Waddington, 1999). Fjölmíðlar, skáldsögur, kvikmyndir og lögreglumennirnir sjálfir hafa matað þá af slíkum upplýsingum. En fljótlega kemur í ljós að lögreglustarfið er mun venjubundnara en sett hefur verið fram og lögreglumenn eru í raun meiri friðarsinnar en gert er ráð fyrir (Manning, 2006; Waddington, 1999). Til að mynda fer mestur hluti af aðgerðum lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis í að koma á friði og ráðleggja einstaklingum.

Þrátt fyrir hversdaglegan vanagang í flestum lögreglustörfum, þá getur lögreglustarfið reynst streituvaldandi. Verkefnið sem lögreglumenn kljást við eru óútreiknanleg og tilfinningarík og geta valdið meiðslum, dauða eða óreiðu meðal almennings. Nýliðar í lögreglunni læra fljótlega að til þess að lifa starfið af, þurfi þeir að verða hluti af liðinu og vera meðteknir af hópnum (Waddington, 1999).

Niðurstöður úr rannsókn Terrill, Paoline III og Manning (2003) leiða í ljós að lögreglumenn sem aðhyllast hefðbundin gildi lögreglumennningar eða hafa misjafnar skoðanir á henni, eru líklegri til að nota valdbeitingu frekar en lögreglumenn sem ekki aðhyllast þetta ákveðna menningarviðhorf.

Þeir lögreglumenn sem taldir eru öðruvísi eiga oft erfitt uppdráttar innan lögreglunnar. Sumir eiga erfitt með að öðlast samþykki, viðurkenningu eða lögmæti fyrir reynslu sína og bent hefur verið á að kynjamismunur er aðalvandamál lögreglukvenna (Waddington, 1999). Talið er að lögreglukonur séu of mildar þegar skakka á leikinn og þar af leiðandi eiga þær erfitt með að finna fyrir því að þær séu viðurkenndar og eru stöðugt minntar á að þær starfi í karlaheimi. Þær eru neyddar til að velja á milli þess að taka þessari karlamenningu sem þeirra eigin eða uppfylla hefðbundnari væntingar er tengjast hlutverki þeirra (Walklate, 2000). Hjá Waddington (1999) kemur fram að áttatíu prósent lögreglukvenna í Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Þátttökuathugun á viðhorfum lögreglumanna til heimilisofbeldis í rannsókn DeJong o.fl. (2008), leiðir í ljós að þeir lögreglumenn sem telja að þolanda sé um að kenna og að þolandi muni ekki starfa með lögreglunni, tjá vonbrigði sín með heimilisofbeldisútköll. Aðrir lögreglumenn sem aðhyllast samfélagsleg lögreglustörf nálgast aðstæður heimilisofbeldis með skilningi, samstarfi og umhyggju. Sumar lögreglukonur í rannsókn Rigakos (1995) aðhyllast einnig þá stöðluðu ímynd að konunni sé um að kenna í heimilisofbeldismálum. Þessar niðurstöður geta reynst gagnlegar í þjálfun lögreglumanna og í rannsóknum í framtíðinni (Rigakos, 1995).

Viðhorf lögreglumanna

Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna á viðhorfum lögreglu á vettvangi heimilisofbeldis. Rigakos (1995) færir rök fyrir því að sumum lögreglumönnum líkar illa að flækjast í heimilisofbeldismál, þeir vilja hjálpa en að mati lögreglumanna líta þessi mál oft þannig út að þeir séu ekki að hjálpa neinum. Stewart og Maddren (1997) benda á að öðrum lögreglumönnum líkar sérstaklega illa að bregðast við makaofbeldi þar sem þolendur eru karlkyns.

Samvæmt rannsókn Grace frá árinu 1995 kemur fram að lögreglumenn hafa tilhneigingu til að meðhöndla heimilisofbeldi sem litlaust og óáhugavert verkefni og eru tregir við að ákæra (sjá í Stewart og Maddre, 1997). Oft er það þannig að eiginmönnum líkar ekki að verið sé að aðstoða eiginkonurnar og öfugt (Rigakos, 1995) og eru lögreglumenn líklegri til að kenna þolanda um verknaðinn ef hann er sagður hafa verið að eigna maka sínum áður en ofbeldið átti sér stað (Lavoie, Jacob, Hardy og Martin, 1989; Rigakos, 1995).

Í rannsókn sem Hatty framkvæmdi árið 1989 á viðhorfum lögreglumanna í Sydney, Ástralíu, líta lögreglumenn, óháð kyni, á konur sem andlega veikar og óverðugar fyrir verndinni ef þær verða fyrir endurteknu ofbeldi á heimili sínu (sjá í Rigakos, 1995). Hins vegar kemur fram í rannsókn (Stewart og Maddren (1997) að lögreglumenn eru alls ekki óvanir heimilisofbeldismálum og ákvarðanatöku á vettvangi og hafa sérhæfða þekkingu til að taka ábyrgð á ákvörðunum sínum.

Marklund og Nilsson (2008) færa rök fyrir því í rannsókn sinni að fjórðungur lögregluskýrslna í Svíþjóð sýni fram á að oft eru þolendur ekki reiðubúnir að aðstoða frekar við rannsókn eftir að heimilisofbeldi er tilkynnt til lögreglu, sem gerir lögreglu mun erfiðara fyrir í rannsókn málsins. Jafnvel þó að þolendur tilkynni sjálfir um atvikið þá eru samt um fimmtingur af þeim ekki reiðubúnir að aðstoða við rannsóknina síðar meir. Auk þess benda niðurstöður til þess að mun algengara sé að þolendur vilji ekki aðstoða lögreglu við rannsókn ef atvikið hefur verið tilkynnt af þriðja aðila.

Notkun áfengis og vímuefna er algengt á vettvangi heimilisofbeldis. Niðurstöður Stewart og Maddre (1997) gefa til kynna að enginn munur sé á viðhorfum kven- og karlkyns lögreglumanna á ábyrgð í heimilisofbeldismálum og telja þeir oft að sökina megi rekja bæði til gerenda og þolenda. Viðhorf lögreglumanna breytist hins vegar þegar litið er til kyns þolenda og ef vímuefni eru til staða. Lögreglumenn telja að þolendur undir áhrifum áfengis- eða vímuefna eigi oftast sökina í heimilisofbeldismálum (Stewart og Maddren, 1997; Trujill og Ross, 2008). Ef þolendur eru hins vegar edrú og gerendur undir áhrifum, þá eru gerendur frekar taldir bera ábyrgðina á ofbeldinu (Stewart og Maddren, 1997).

Hins vegar er til nokkrar rannsóknir sem leiða í ljós jákvæðar og upplýstar skoðanir meðal lögreglumanna á heimilisofbeldi. Í rannsókn sem Sinden og Stephens framkvæmdu árið 1999 kemur fram að viðhorf flestra þeirra 21 lögreglumanna sem tekin voru viðtöl við í dreifbýli New York ríkis, trúa því að heimilisofbeldi sé niðurlægjandi og erfitt. Að sama skapi eru lögreglumenn sammála um að heimilisofbeldi sé ekki aðeins líkamlegt ofbeldi heldur einnig mynstur andlegs ofbeldis gagnvart þolendum. Niðurstöður höfunda benda enn fremur til þess að á meðan sumir lögreglumenn eru neikvæðir gagnvart þolendum og sýna fram á klisjukenndan skilning á heimilisofbeldi, þá hafa aðrir lögreglumenn mjög fagmannlegan skilning á áhrifum heimilisofbeldis (sjá í DeJong o.fl., 2008).

Starfsþrot lögreglumanna

Vinnutengt álag og starfsþrot (*burnout*) hefur nokkuð verið skoðað en fáar rannsóknir hafa beint sjónum sínum að starfsþrotum lögreglumanna (Burke og Mikkelsen, 2005).

Gaines og Jermier (1983) færa rök fyrir því að tengsl séu á milli starfa sem krefjast mikillar samvinnu meðal starfsmanna og streitu. Höfundar benda á að streita sé algeng meðal lögreglumanna sem getur að lokum leitt til starfsþrota. Streita þeirra er ekki endilega afleiðing vinnunnar sjálfrar, heldur getur hún stafað af átökum innan stofnunarinnar. Því er oft nóg að breyta stjórnuninni til að draga verulega úr streitu meðal lögreglumanna.

Rannsóknir á lögreglumönnum í Hollandi og Noregi leiða í ljós samband á milli starfsþrota og jákvæðs viðhorfs gagnvart valdbeitingu, neikvæðrar viðhorfa gagnvart almenningi og svartsýni. Sem streituvalda benda höfundar á lélega valdstjórn, endurskipulagningu, skriffinnsku, vaktavinnu og letjandi samstarfsfélaga. Auk þess hafa reynsluminni lögreglumenn jákvæðara viðhorf gagnvart valdbeitingu heldur en þeir sem meiri reynslu hafa. Þeir lögreglumenn sem sýna fagmannlegri vinnubrögð eru jákvæðari gagnvart því að nota annars konar aðferðir til að leysa vandamál. Lögreglumenn sem eru svartsýnir og fjarlægir bæði starfinu og öðrum starfsmönnum, eru líklegri til að beita almenning valdi. Slík viðhorf geta valdið neikvæðri afstöðu almennings gagnvart lögreglunni og öfugt (Burke og Mikkelsen, 2005; Kop og Euwema, 2001).

Gögn og aðferðir

Hér verður gerð grein fyrir undirbúningi og vinnu við rannsóknina og þátttakendur kynntir. Auk þess verður skýrt hvernig gagnasöfnun fór fram, skráning gagnanna og úrvinnsla þeirra.

Rannsóknaraðferð

Við framkvæmd þessarar rannsóknar var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð. Þegar slík rannsóknaraðferð er notuð í rannsóknum er notast við mjög lýsandi gögn eins og töluð og skrifuð orð viðmælanda og sýnilega hegðun hans. Eigindlegar rannsóknir reyna að skilja einstaklinga og upplifanir þeirra á raunveruleikanum. Rannsakandi setur sig í spor viðmælanda sinna og samsamar sig þeim til að skilja hvernig viðmælendur upplifa ýmiss konar hluti (Taylor og Bogdan, 1998). Hann þarf því að þjálfast sig í því að sjá og að taka eftir. Þetta er í raun ekkert frábrugðið því sem gert er daglega, heldur er þetta spurningin um magn þess sem tekið er eftir (Esterberg, 2002). Innan eigindlegra rannsóknaraðferða rúmast fjölbreytt safn aðferða úr ólíkum greinum sem byggjast á mismunandi rannsóknarhefðum og ólíkum forsendum (Sigurður J. Grétarsson, 2002).

Tekin voru ellefu hálfstöðluð einstaklingsviðtöl (*semi-structured*) eða sem venjulega eru kölluð opin viðtöl. Esterberg (2002) bendir á að með opnum viðtölum er markmiðið að rannsaka efnið á opinskáan hátt þar sem viðmælendur geta með sínum eigin orðum látið skoðanir sínar og hugmyndir í ljós. Rannsakandinn reynir að fara út fyrir eigin upplifanir og hugmyndir og reynir virkilega að skilja sjónarmið viðmælanda sinna. Í byrjun hefur rannsakandinn venjulega einhverja grunnhugmynd um efni viðtalsins en svör viðmælanda munu alltaf móta skipulag og uppbyggingu þess, því hvert viðtal er sérsníðið eftir hverjum og einum viðmælanda. Þess vegna leyfa opin viðtöl miklu frjálsum samskipti milli rannsakanda og viðmælanda.

Með viðtölum er verið að skoða upplifun viðmælanda á því sem athugað er hverju sinni (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Þannig eru viðtölin félagsleg athöfn

þar sem samskipti rannsakanda og viðmælenda endurspeгла samspil hugsana, hegðunar, skynjana og tilfinninga. Viðtalsaðferð á einnig vel við þegar skoðuð er bæði jákvæð og neikvæð reynsla fólks, skynjun, viðhorf, þekking, væntingar og gildismat (Helga Jónsdóttir, 2003).

Viðmælendur þurfa að vera opnir hvor fyrir öðrum, virða og viðurkenna sjónarhorn hvors annars. Rannsakandinn þarf að gera sér grein fyrir eigin bakgrunni og afstöðu og gæta sín á að hvort tveggja hafi ekki áhrif á samskiptin. Á sama hátt ber að sýna bakgrunni þátttakenda virðingu og skilning (Helga Jónsdóttir, 2003).

Á meðan rannsakandi fylgist með, skrifar hann niður minnispunkta um allt sem fram fer eða tekur viðtalið upp. Öll skilningarvit eru vakandi (Esterberg, 2002). Síðan þarf að skrá viðtölin frá orði til orðs af upptökutækinu og greina þau eftir þemum og innihaldi, áður en hægt er að skrifa skýrslu um rannsóknina (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Gagnaöflun, skráning og úrvinnsla

Viðtölin voru öll tekin upp á upptökutæki með samþykki viðmælenda og síðan afrituð, samanlagt voru þau um 122 blaðsíður. Öll fóru viðtölin fram á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og má geta þess að í einu viðtalinu var rætt við tvo lögreglumenn í einu. Það atvikaðist þannig þegar annar þeirra var bókaður í viðtal, ákvað samstarfsmaður hans að koma með og bíða. Tækifærið var gripið og honum boðið að taka þátt og þannig sátu tveir lögreglumenn í viðtali saman og var það í eina skiptið.

Í viðtölunum voru spurningar hafðar til hliðsjónar en rannsakandi vonaðist eftir óþvinguðu spjalli þar sem báðum aðilum liði vel. Sum viðtölin voru þó þvingaðri en önnur en þegar leið á, virtust þeir viðmælendur eiga auðveldara, bæði með að rifja upp og opna sig. Viðmælendur voru allflestir áhugasamir um umræðuefnið og oft á tíðum töluðu það mikið að spurningum rannsakanda var svarað án þess að honum gæfist kostur á að spyrja þeirra.

Í viðtölunum við lögreglumennina voru þeir beðnir um að lýsa minnisstæðum vettvangi heimilisofbeldis, hvaða viðhorf hefur mætt þeim á

vettvangi, hvaða ábyrgð þeir telja sig bera þar og til hvaða aðgerða þeir grípa við hinar ýmsu aðstæður. Einnig voru lögreglumenn beðnir um að tjá sig um almenna upplifun sína af vettvangi heimilisofbeldis.

Eftir að öll gögn höfðu verið afrituð, hófst greining þeirra. Við greiningu voru viðtölin lesin yfir og opin kóðun framkvæmd og meginþemu viðtalanna fundin. Með opinni kóðun er markmiðið að átta sig á gögnunum og hvað þau innihalda. Því næst var notast við markvissa kóðun, sem felur í sér að fara yfir gögnin nokkrum sinnum og í leiðinni að einbeita sér að þeim lykilþemum sem tilgreind voru í opnu kóðuninni (Esterberg, 2002).

Undirbúningur og val á þátttakendum

Undirbúningur að rannsókn þessari hófst í október 2008 og stóð til september 2009. Til að nálgast viðmælendur fyrir rannsóknin var haft samband við varðstjóra hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Hann kom mér því næst í samband við annan varðstjóra sem varð tengiliður minn við viðmælendur mína. Ég nálgadist nöfn á viðmælendum úr vinnuskrá Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem ég er í hlutastarfi, þar sem aðallega var leitast eftir lögreglumönnum sem enn eru starfandi úti á vettvangi eða á vöktum, eins og það er kallað. Þá hafði varðstjórinn samband þá aðila sem ég óskaði eftir, með tölvupósti og fræddi þá stuttlega um mig og rannsóknina og bað þá um að hafa samband við mig. Í tölvupóstinum kom fram að verið væri að gera rannsókn þar sem leitast væri eftir lögreglumönnum í viðtal um upplifun sína á vettvangi heimilisofbeldis. Í tölvupóstinum var að auki tilgreint að fyllsta trúnaðar og nafnleyndar yrði gætt.

Aðgengi að viðmælendum reyndist stundum erfiðara en í upphafi var vænst, sérstaklega á þá leið að gera þurfti ráð fyrir ólíkum vöktum og fríum viðmælanda. Haft var samband við fjórtán einstaklinga af báðum kynjum með mislanga starfsreynslu. Ekkert svar barst frá tveimur þeirra og einn átti erfitt með að finna tíma. Erfiðlega gekk að fá lögreglumenn með mjög langa starfsreynslu sökum þess hversu fáir eru enn starfandi á vöktum. Að lokum fengust ellefu einstaklingar

til að taka þátt, sex konur og fimm karlar á aldrinum 23 til 57 ára. Viðtölin voru tekin á fimm mánuðum.

Þátttakendur

Þátttakendur verða hér kynntir undir þeim dulnöfnum sem þeim hefur verið gefin:

Guðrún hefur starfað sem lögreglumaður í ellefu ár og er á fertugsaldri.

Aron er sömuleiðis á fertugsaldri og hefur verið lögreglumaður í áratug.

Bjarni á ellefu ár að baki sem lögreglumaður og er einnig á fertugsaldri.

Hildur hefur unnið sem lögreglumaður í átta ár og er þrítug.

Baldur er á sextugsaldri og hefur hann starfað sem lögreglumaður í 36 ár.

Daníel er tæplega þrítugur og hefur verið sex ár í lögreglunni.

Dagný er nýorðin fertug og hefur fimm ára starfsreynslu sem lögreglumaður.

Ásta hefur verið lögreglumaður í sjö ár og er tæplega þrítug.

Erna er rúmlega tvítug og hefur starfað sem lögreglumaður í 2 ár.

Birna er 25 ára og hefur þriggja ára reynslu sem lögreglumaður.

Þórir hefur lengstan starfsaldur þátttakenda eða 40 ár og er hann nýorðinn sextugur.

Niðurstöður

Þau þemu sem komu fram í gögnunum voru: Á vettvangi, viðbrögð íbúa og upplifun lögreglumanna. Hér hafa viðmælendur mínir orðið og deila sameiginlegri reynslu sinni af vettvangi heimilisofbeldis.

Verklagsreglur heimilisofbeldismála

Árið 2005 gaf embætti ríkislögreglustjóra út verklagsreglur fyrir lögreglumenn um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Miðast þær við að gerandi og þolanda séu nákomnir, það er skyldir eða tengdir og að ofbeldið sé framið innan veggja heimilis eða á öðrum stað sem skyldir og tengdir dvelja eða hittast fyrir. Verklagsreglur þessar benda á að það getur skipt máli að lögreglumenn aflu upplýsinga um fyrri tilvik áður en á vettvang er komið. Þegar málavextir hafa verið kannaðir er mikilvægt að lögreglumenn geri sér grein fyrir því hvort um brot sé að ræða.

Rík ástæða þarf að liggja fyrir því að fjarlægja einstakling af vettvangi, til dæmis að hann sé hættulegur sjálfum sér eða öðrum og að handtaka sé heimil samkvæmt XII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ef um langvarandi drykkju eða neyslu fíkniefna, ef börn eru á heimilinu og önnur úrræði eru ekki til staðar, er heimilt að fjarlægja einstakling (Ríkislögreglustjórinn, 2005).

Ef hann er gestkomandi og húsráðandi óskar eftir því að hann verði fjarlægður af heimilinu getur lögreglan gert það en gæta þarf þess ef viðkomandi er á eigin heimili. Þegar búið er að tryggja ástandið þarf að upplýsa þolanda um réttindi hans samkvæmt lögum. Ef þolandi hefur hlotið áverka skal færa hann til læknis eða bjóða fram slíka aðstoð. Lögreglumenn sem hafa afskipti af heimilisofbeldi ber að sýna þolanda fyllstu tillitssemi og vingjarnlegt viðmót (Ríkislögreglustjórinn, 2005).

Ef rökstudd ástæða liggur fyrir því að gerandi muni fremja afbrot eða raska friði þolanda, er heimilt að leggja fram nálgunarbann við því að einstaklingur komi á tiltekinn stað eða svæði eða setji sig með öðru móti í samband við annan einstakling. Ef lögreglan treystir ekki þolanda til þess að leggja fram beiðni um

nálgunarbann af ótta við geranda eða honum sé það ókleift af öðrum sambærilegum ástæðum, getur lögregla lagt kröfuna fram. Lögregla skal tilkynna þolanda um lok nálgunarbanns (Ríkislögreglustjórinn, 2005).

Á vettvangi

Hluti af aðgerðum lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis er að komast að orsökum vandans og leiðbeina síðan hlutaðeigandi aðilum um hvað skal gera í stöðunni. Lögreglumenn lýsa hér yfir að aðgerðir sínar á vettvangi séu einungis tímabundnar og vald þeirra oft á tíðum lítið, þar sem allar ákvarðanir eru meira og minna teknar af aðilum á vettvangi. Af þeim sökum finnst mörgum lögreglumönnum þeir máttvana. Reynsla sumra viðmælenda sýnir að orð þolenda eru oft tekin með fyrirvara, því í upphafi er vilji þeirra til breytinga mikill en síðan hætta þeir við. Ekki eru ofbeldismenn alltaf handteknir, talsverð ógn þarf að stafa af þeim þegar lögreglan er komin á vettvang. Þó skal benda á að þeir eru fjarlægðir ef töluverða áverka er að finna á þolendum.

Þemað skiptist í eftirfarandi fjögur undirþemu: „*Hann er búinn að gera þetta áður*“, „*við reynum bara að stoppa þetta ástand og tryggja það næsta sólarhringinn*“, *ákærur og handtökur*.

„Hann er búinn að gera þetta áður“

Útköll vegna heimilisofbeldis eru mjög algeng og hafa viðmælendur mínir oft verið kallaðir á heimili til að útkljá ofbeldi á milli íbúa. Aðstæður á vettvangi eru mismunandi hverju sinni og í raun vita lögreglumenn aldrei hverju þeir eiga von á. Tveir af viðmælendunum hafa sama kvöldið verið kallaðir á sama heimilið. Einn viðmælandi tjáði mér að hann sé farinn að kannast við suma gerendur vegna ítrekaðra afskipta á heimili þeirra, þó gera íbúarnir sér ekki grein fyrir því að þessi tiltekni lögreglumaður hefur áður komið heim til þeirra vegna sömu kringumstæðna.

Áður en farið er inn á vettvang, leita lögreglumenn sér vitneskju um hvort ofbeldi hafi áður átt sér stað á heimilinu. „annað hvort segir einhver [annar lögreglumaður] frá því eða að við spyrjum kannski“, lýsti Erna vinnuaðferðum sínum.

Alls höfðu tíu af ellefu viðmælendum mínum ítrekað komið á vettvang heimilisofbeldis, auk þess hafa bæði Daniel og Erna verið kölluð út á sama heimilið tvisvar sinnum sama kvöldið. Í viðtalinu við Bjarna kom fram að hann er farinn að kannast við suma gerendur, reiðin er það mikil á heimilinu að einstaklingarnir gera sér ekki grein fyrir að lögreglumaðurinn Bjarni hefur áður komið til þeirra vegna sömu aðstæðna, „það áttar sig ekki á því að maður veit meira heldur en það heldur“, bætti hann við. Hildur tekur undir með Bjarna að bera kennsl á sömu einstaklingana vegna fyrri afskipta lögreglunnar á sama heimili.

Þá eru þeir til sem Bjarni kallaði „síbrotamenn í heimilisofbeldi“ og hafa Hoyle og Sanders (2000) einmitt bent á að gerendur í heimilisofbeldismálum hafa tilhneigingu til flytja sig úr einu ofbeldissambandi yfir í annað, þar sem þeir geta stjórnað annarri konu. Bjarni tók dæmi af slíku:

... og það geta verið mörg ár, 3 til 4, 5 ár þar sem við erum að fá sömu einstaklingana inn á borð hjá okkur ... eða þá að karlmaður sé gerandi í sambandi og er kominn í nýtt samband og það [heimilisofbeldið] er aftur að endurtaka sig, maður er aftur farinn að sjá andlit sem maður kannast við ... og þá er maður kominn aftur í erfða stöðu því að þú vissir um hitt dæmið sko en þú mátt ekki nota það í hinu tilfellinu ... gagnvart þolandanum sko ...

Aron hefur oft farið á vettvang heimilisofbeldis og „það fer ennþá meira í taugarnar á manni“ þegar hann gerir sér grein fyrir að þarna hafi ofbeldi ekki verið að gerast í fyrsta skiptið. Erna hikaði ekki við að ráðleggja þolanda eftir ítrekuð útköll á heimilið:

... að hann muni ekki hætta þessu, þetta heldur ítrekað áfram og hún verði bara að gera í þessu núna því þetta verði bara það slæmt að hún

eigi bara eftir að liggja í gólfinu, næstum því dáin ... þannig að maður reynir alltaf að hafa áhrif á það þegar maður kemur, að þær fari sko ...

„Við reynum bara að stoppa þetta ástand og tryggja það næsta sólarhringinn“

Aðgerðir lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis eru eins ólíkar og aðstæður eru margar. Eitt er þó sameiginlegt, enginn af viðmælendum mínum man eftir vettvangi þar sem aðilar voru ekki undir áhrifum áfengis eða vímuefna, enda hafa rannsóknir sýnt fram á algengi áfengis- og vímuefna á vettvangi heimilisofbeldis (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Rying, 2001). Lögreglumenn líta á starf sitt sem tímabundið inni á heimilum einstaklinga. Í byrjun er reynt að róa aðilana niður, því á vettvangi ríkir mikið uppnámi og reyna síðan lögreglumenn að komast að orsökum ofbeldisins. Því lýstu viðmælendur sem mjög erfiðu verkefni. Þá er aðilum leiðbeint um framhaldið. Ef ekki er nauðsynlegt að fjarlægja annan aðila af vettvangi er einstaklingum bent á að fá til sín ættingja eða vin, jafnvel yfirgefa heimilið.

Þar sem lögreglumönnum eru misjafnlega skipt á bíla, geta tvær lögreglukonur farið saman á vettvang heimilisofbeldis og þegar þangað er komið er misjafnt hvor þeirra talar við þolanda eða geranda. Dagný benti á að þegar hún er með annarri lögreglukonu á bíl þá sé það misjafnt hvor fer að tala við karlinn og hvor við konuna og bætti við:

„maður bara einhvern veginn siglir inn í þetta þegar maður kemur og finnur þetta út ... oft er einhver sem lokar sig inni og þá náttúrulega byrjum við bara á þeim sem tekur á móti okkur og svo vinnum við okkur bara áfram“

Í viðtölunum kom fram að lögreglan mætir ekki á vettvang til að leysa sjálfan vandann, heldur til að koma á friði og leiðbeina einstaklingum um úrræði. Þá

nefndu sjö þeirra að það sem aðallega hefur áhrif á aðgerðir þeirra er hvort heimilisofbeldi hafi áður átt sér stað á vettvangnum. Rannsóknir (Edwards, 1990; Rigakos, 1995; Stanko, 1989) hafa bent á að lögreglumenn eru oft of ragir til aðgerða á vettvangi, þó um töluverða áverka sé að ræða á þolendum.

Eins og kom fram hér á undan geta lögreglumenn fengið vitneskju um fyrri sögu ofbeldis á ákveðnu heimili sem farið er á og þá „setur maður sig í aðrar stellingar“ eins og Baldur komst að orði. Birna tjáði mér einnig að aðgerðir sínar á vettvangi færu eftir því „hversu alvarlegt málið var á undan“ og bætti við:

... og ef það eru einhver vopn þá fer maður náttúrulega með maze brúsann á lofti, til að vera tilbúinn sko ... eða með sérsveitina með sér ... en ef þetta er bara eitthvað plein [venjulegt], þá ... bara, þá bara gerir maður eins og vanalega, fer bara þarna og fer að tala við fólkið...

Á vettvangi byrja lögreglumennirnir á því að stöðva það ástand sem hefur verið í gangi með því að stífa einstaklingunum í sundur, biðja þá að halda friðinn og komast til botns í hvað gerst hefur. Oft er það þannig að margir þessara einstaklinga hafa áður reynt að binda enda á ofbeldisferlið eins og Ásta benti á:

... oftast er þetta fólk sem búið er að reyna ýmislegt, þannig að við erum ekki með neinar töfralausnir ... en við hérna, reynum að gera eitthvað sem við getum, af því að við erum kölluð á staðinn ... en þetta er hérna vinna sem fólk verður bara að vinna sjálf ... sín á milli ...

Þar sem lögreglumenn eru „hlutlausir aðilar á vettvangi“, eins og Erna sagði frá, þá er það ekki þeirra að dæma um hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér, „við reynum bara að stoppa þetta ástand og tryggja það næsta sólarhringinn“, bætti Baldur við. „Nema ef við sjáum þvílíka áverka“, sagði Erna, „og búið að berja eiginkonuna eða eitthvað, þá handtökum við manninn, það er alveg ljóst ... förum hérna með hann niðrá stöð þar sem varðstjórinn tekur við málinu“, benti Ásta á.

Allir viðmælendurnir ítrekuðu vilja sinn til að aðstoða hlutaðeigandi aðila, „þannig að við erum ekki vondi maðurinn þegar við förum inn á heimili“, komst Ásta að orði. Erna bætti við „við viljum gera allt til að hjálpa þeim, þú veist, maður reynir í hvert einasta skipti ... en við getum í rauninni ekkert gert nema að ástandið sé orðið það slæmt“.

Ef aðstæður á vettvangi eru þannig að annarhvor aðilinn er ófús til að virða beiðni lögreglumanna um að halda friðinn, neyðast lögreglumenn til að aðskilja þá til að koma í veg fyrir að þeir geti skaðað hvorn annan frekar. Því miður gengur ekki alltaf vel að koma einstaklingum í skilning um hvað sé rétt í stöðunni en „mestu máli skiptir að reyna að ná til fólksins ... í hvaða aðstæðum sem það er“, bætti Dagný við.

„Auðvitað reynir maður að sýna öllum sem koma að svona málum ... sko virðingu og hluttekningu og þeir sem taka í útrétta hönd, maður reynir náttúrulega að hjálpa þeim“, sagði Baldur og tók Hildur undir þetta:

... já, maður myndi vilja geta bara gert eitthvað og bara „allt orðið gott“ hjá þessari fjölskyldu en það er ekkert þannig, þú veist ... og það verður aldrei þannig, við erum bara í tímabundnum aðgerðum, eitthvað bara að sjattla málin ... þú veist, þarna ... það er bara svo takmarkað sem maður getur gert á vettvangi ...

„Maður reynir að benda fólki á að fá einhvern til sín sko“, nefndi Guðrún sem dæmi og hélt áfram, „eins og systur, vinkonu, foreldra eða einhvern sem það treystir“. Hildur bætti við að sömuleiðis væri gott að fá „ömmu og afa eða einhvern inn á heimilið ... einhver sem getur séð um börnin“. Ef hægt er, sagðist Daníel benda geranda á að hafa samband við félagi sinn og fá leyfi til að gista og ræða málin við hann en bætti síðan við „reyna að vera svona félagi hans og vekja það hjá honum að við séum með honum á bandi sem er náttúrulega bara bull ... sem við erum ekkert sko“.

Ef þolendum er ekki lengur hætt á heimilinu er þeim bent á Kvænnaathvarfið. „Þeim finnst þetta bara vera rétta leiðin ... að fara sko í Kvænnaathvarfið eða fara til vinkonu en yfirleitt þá er þetta ekkert mál sko fyrir þær að fara, finnst mér...“, sagði Birna en bætti síðan við „en það er kannski mikið

á konuna lagt að láta berja sig og svo yfirgefa heimilið sitt og sofa í einhverju athvarfi“.

Aron sagðist alltaf spyrja konuna hvað hún vilji gera, þar sem hún sé oftast þolandinn og tók Baldur undir það sjónarmið, sagðist hlusta á báða aðila en „okkar viðbrögð og athafnir fara náttúrulega mikið eftir því sem konan segir“. „Hún er spurð hvort eitthvað sé hægt að gera í stöðunni og hvort hún hafi annan samastað“, sagði Aron en bætti síðan við:

... eins og ég segi, maður er búinn að fara kannski í fyrsta skipti og maður gefur sig allan í þetta ... algjörlega ... og leiðbeinir henni með allt saman, maður reynir allt sem maður getur ... það kannski verður engin lending nema þá kannski að hún ákveður að vera áfram ...

Rannsóknir (Marklund og Nilsson, 2008; Rigakos, 1995; Rying, 2001) gefa til kynna að finna megi nokkrar sameiginlegar aðstæður á vettvangi heimilisofbeldis, eins og áfengis- og vímuefnaneyslu bæði þolanda og geranda. Algengi áfengis- og vímuefna á vettvangi heimilisofbeldis voru allir viðmælendur sammála um og man enginn af viðmælendunum ellefu eftir vettvangi þar sem áfengi eða önnur vímuefni hafi ekki verið til staðar. Þórir sagði mér frá þeim breytingum sem hafa orðið á vettvangi síðan hann byrjaði fyrir um 40 árum síðan, „það var þannig þá að yfir 90% tilvika var sko gerandinn ölvaður ... það hefur breyst svo mikið í dag að nú eru báðir, bæði þolandi og gerandi ... bæði ölvuð“, sagði hann.

Stundum eru einstaklingar undir það miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna að ógerlegt er að leysa vandamálið á vettvangi. Guðrún sagði frá því að hún hafi þurft að skilja aðila eftir á vettvangi „með sitt sko ... sín vandræði ... þú veist oft er erfitt að leysa svona mál þegar fólk er ölvað“. Því var Baldur sammála og vonaðist til að þess að ef einstaklingar hafa áfengi um hönd „að fólk nái að verða edrú og leysa sín mál“. Ef mögulegt er, beina lögreglumenn þeim í ákveðna átt, þar sem frekari aðstoð er að finna eða „svona kveikir neistann“ eins og Bjarni tók til orða.

Þegar málin hafa verið rædd við aðila á vettvangi og engin lending virðist ætla að nást, er haft samband við varðstjóra til að fá leiðbeiningar. Auk þess er auðvelt að

fá aðstoð frá öðrum lögreglumönnum, „það er alltaf einn bíll sem kemur með eða er eitthvað nálægt og svo koma þeir oft upp [á vettvang] að kíkja bara og ef það er allt í lagi, þá fara þeir bara ...“, sagði Erna.

„Maður vill helst ekki fara af vettvangi nema að maður sé búinn að tryggja ástandið“, sagði Daníel og bætti við dæmi af vettvangi:

... hann [hinn lögreglumadurinn] segir þetta, „hvað finnst þér?“ og svona sko ... og fólkið er náttúrulega fyrir framan okkur þannig að við þurfum að lesa hugsanir hvors annars, liggur við ... það er svolítið strembið ... þá kannski er betra að komi einn bíll aukalega, tveir bílar til að vera svona innan handar ...

„Mér finnst við frekar máttvana í þessu ... maður er bara eiginlega svona að reyna að stilla til friðar“, sagði Dagný. „Við getum ekkert farið að biðja hana um að fara úr fötunum og rífa hana úr sko ... en stundum sér maður alveg að konur nái ekki að halda andliti“, benti Erna á þegar rætt var um áverka. Lögreglumenn gera sér fyllilega grein fyrir að aðstoðin er langt ferli en „gæti kannski verið skref í rétt átt“, bætti Daníel við.

Ákærur

Polendur sem hlotið hafa áverka af völdum ofbeldis á heimilinu er vísað til slyshadeildar til að verða sér úti um áverkavottorð. Viðmælendur mínir hafa oft heyrt það frá þolendum á vettvangi að þeir hyggist kæra en það endar oftast með því að þolendur hætta við ákæru, samkvæmt viðmælendum. Margar ástæður geta legið þar að baki því að ákærur eru dregnar til baka, ein þeirra er hræðsla við að ástandið heima fyrir versni (Erez og Belknap, 1998; Fleury o.fl., 1998; Hoyle og Sanders, 2000). Þar af leiðandi eru viðmælendur farnir að taka orð þolenda með fyrirvara, líkt og rannsóknir DeJong o.fl., 2008; Rigakos, 1995; Stephens og Sinden (2000) færa fram og álykta að þolandi hreinlega vilji ekki aðstoð eða jafnvel samþykki ofbeldið gegn sér.

„Ég held bara að það sé frekar sjaldnan að þær vilji kæra“, sagði Erna og bætti Baldur við að hann hefur oft upplifað að þolandi hættir við ákæru. Margar ástæður geta legið þar að baki, t.d. hræðsla við versnandi ástand á heimilinu og lýsti Baldur upplifun sinni:

.. og maður er varla búinn að snúa sér við þegar að það ... hætt við allt saman ... við verðum að vera svolítið vakandi fyrir því ... því að þó að konan segist ... eða sá sem er þolandinn ... segist ætla að kæra viðkomandi fyrir þetta, að þá verðum við að vera soldið passífir hvað það snertir ...

Dagný benti á að ótal sinnum hafi hún heyrt í þolanda að nú sé komið nóg og hann ætli sér að gera eitthvað í málinu, en „svo verður yfirleitt ekkert úr því sko“, sagði hún. „Hann er alveg frábær þessi maður [eiginmaðurinn]“, hafði einn þolandi sagt við Baldur, þó hún hafi sjálf verið „svoleiðis bara í köku“, bætti hann við og lýsti vettvangi sem hann þekkir vel til:

... og hérna, hún kærði ekki sko ... hún kærir aldrei ... hann gengur í skrokk á henni og það er hringt í okkur og við komum á staðinn og sjáum til þess að hún fari á slysadeild og tökum jafnvel manninn, eins og það gerðist í þessu tilviki ... en hérna, hún kærir ekki ... hún lætur þetta yfir sig ganga...

Hræðsla þolanda við að ástandið muni versna ef hann hyggst ákæra brotamanninn er ekki eina ástæðan fyrir því að hann kærir ekki. Rannsóknir (Haller, 2005; Hickman og Simpson, 2003; Johnson, 2007; Logar, 2005) benda á að margir þolendur heimilisofbeldis hafa oft litla menntun og eru fjárhagslega háðir maka sínum. Þar af leiðandi eru leiðir þeirra út úr ofbeldismynstrinu færri en annarra sem eru í betri fjárhagslegri stöðu. Í viðtalinu við Aron kom fram að hann telur sig sjá mun á þeim einstaklingum sem kæra og þeirra sem kæra ekki:

... en það er mikið oftast að þegar maður er með, eins og maður segir, verkafólk ... fólk á féló ... þetta er einhvern veginn svona ... að þær séu mikið, mikið síðri til þess að kæra ... eða láta kannski meira yfir sig

ganga af því að það sé hreinlega búið að brjóta þær niður ... að þær séu jafnvel farnar bara að setta sig við þetta ... eða þá að kallinn hafi bara svona heljargreipar á henni, að hann stýri þessu bara algjörlega ... og eins og maður heyrir oft kjaftasögur og grínast með sko „hann er alltaf svo góður við mig inn á milli“ ...

Handtökur

Breyting hefur orðið á því hvort gerandi er handtekinn á vettvangi heimilisofbeldis. Hjá tveimur viðmælendum mínum kom fram að hér áður fyrr var skilyrðislaus handtaka í kjölfar útkalls. Í dag þarf að stafa ógn af brotamanni eða áverkar á þolanda það miklir, að það megi handtaka. Margir viðmælenda minna finna fyrir miklu valdleysi á vettvangi, sökum fárra heimilda til aðgerða því friðhelgi heimilisins er það sterk. Aftur á móti benda nokkrir á að handtaka er aðeins skammtímaúrræði. Þó handtaka sé leið til að tryggja ástandið eru ekki allir á vettvangi á eitt sáttir að gerandi sé handtekinn. Viðmælendur mínir hafa alveg fundið fyrir neikvæðum viðbrögðum frá þolendum þegar gerendur eru fjarlægðir af vettvangi.

Viðmælendur mínir ræddu allir um það sem þeir kalla valdleysi sitt á vettvangi, þar sem þeir vilja geta gert miklu meira en hafa litla sem heimild til aðgerða. Til þess að þeir megi handtaka brotamann á vettvangi, þarf mikil ógn að stafa af honum eða töluverðir áverkar á þolanda. Aftur á móti voru viðmælendur mínir á þeirri skoðun að handtaka sé aðeins skammtímaúrræði.

Rannsóknir hafa sýnt að þolendur hringja ekki í lögregluna vegna þess að þeir telja að ofbeldið verði alvarlegra í kjölfarið, sérstaklega ef gerandinn er handtekinn (Felson o.fl., 2002; Marklund og Nilsson, 2008). Berk o.fl. (1992) færa rök fyrir auknum líkum á frekara ofbeldi frá geranda í heimilisofbeldismáli sem áður hefur verið handtekinn. „Stundum er það bara óhjákvæmilegt að fjarlægja aðilann með valdi út af heimilinu, sérstaklega ef hann hefur verið að brjóta og það eru börn eða slíkt inn á heimilinu og aðrir í hættu“, sagði Guðrún.

Aron benti á hversu sterk friðhelgi heimilisins er og „heimildir til þess að handtaka og fjarlægja manneskju eru svo veikar á móti“. Hildur lýsti því yfir að

hún vilji helst leysa málin á vettvangi og „þurfa ekki að fara að handtaka einhvern og fara út í einhverjar stórar aðgerðir“ enda er handtaka „alltaf einhver frestun ... þetta er ekkert nema skammtímaúrræði“, sagði Daníel.

Ásta hefur auk þess orðið vitni að því að þolendur hafa bæði verið mjög ósáttir þegar gerandinn var handtekinn og einnig þegar lögreglan ætlaði ekki að handtaka hann, „allur gangur á því“, sagði hún. Birna bætti við að þegar um beinbrot er að ræða, „þá náttúrulega handtökum við hann, þá er það orðin stórfelld líkamsárás“.

Lögreglumenn hafa mislanga starfsreynslu og þolinmæði. Sumir gefast upp, „fara í handtöku og klára bara málið“, bætti Bjarni við. Hins vegar eru dæmi þess að lögreglumenn verða hreinlega að handtaka, eins og Baldur tók dæmi um:

... en hérna, við verðum þá að ná einhverju kontakti við viðkomandi og geta rætt við hann ... svona nokkuð vitrænt ... ef það tekst ekki og við náum engu sambandi og treystum viðkomandi ekki til þess að haga sér, að þá ber okkur náttúrulega skylda til þess að tryggja öryggi þeirra sem eru í kringum hann ... og hérna, eftir því förum við væntanlega oftast nær sko ...

Hér áður fyrr var það óskrifuð regla þegar lögreglumenn fóru í útkall vegna heimilisofbeldis að gerandi var ávallt handtekinn, „hann var bara tekinn af heimilinu og settur í tukthúsið“ lýsti Baldur fyrri árum en reynsla hans í lögreglunni eru 36 ár. „En svo fóru menn nú að skoða það hvort að önnur úrræði væru ekki hentugri, eins og til dæmis að koma fólki fyrir einhvers staðar ... skilja það að, án þess að setja aðilana í tukthús“, bætti hann við.

Á fyrstu árum sínum sem lögreglumaður man Þórir sömuleiðis eftir því að ofbeldismaðurinn var alltaf handtekinn og bætti við að mikið hafi breyst í aðgerðum lögreglunnar á vettvangi heimilisofbeldis á þessum rúmlega 40 árum sem hann hefur starfað sem lögreglumaður. „Við höfum ekkert þvingunarúrræði [í dag] ... það er vandamálið“, sagði hann og tók fram að ákvörðunartakan ætti skilyrðislaust að liggja hjá lögreglumönnum á vettvangi og bætti við: „Lögreglan er í ástandinu, akkúrat í augnabliksástandi og þarf að hafa einhver úrræði“.

Viðbrögð íbúa

Í þessu þema kemur fram að viðhorf til lögreglunnar frá aðilum á vettvangi eru ólík. Þegar útkallið kemur frá sjálfum vettvangi á lögreglan greiðari leið inn á heimilið heldur en ef útkallið kemur frá utanaðkomandi aðila eins og Marklund og Nílsson (2008) færa rök fyrir í rannsókn sinni. Dyrnar opnast síðan enn frekar ef það er gerandinn sem tilkynnir. Á vettvangi verða lögreglumenn fyrir alls konar aðkasti frá reiðum aðilum og litið á þá sem tilfinningalausar verur. Orðaval, tónn, útlit og aldur lögreglumanna eru allt áhrifavaldar á vettvangi. Kyn lögreglumanns virðist ekki hafa eins mikil áhrif. Þá gætir oft misræmis í frásögnum íbúa, þar sem lögreglumenn heyra oftast tvær ólíkar sögur af atburðarrásinni. Þegar lögreglumenn hafa reynt að miðla málum, oft á tíðum á fjórðu klukkustund, kemur oft í ljós að enginn vill aðstoð og þá verða lögreglumenn að yfirgefa vettvang.

Hér að neðan eru fjögur undirþemu: „*Það er miklu auðveldara fyrir okkur að fara inn þegar hringingin kemur úr íbúðinni*“, „*það skiptir öllu máli hvernig við komum fram*“, *misræmi í frásögnum íbúa* og *enginn vilji til aðgerða*.

„Það er miklu auðveldara fyrir okkur að fara inn þegar hringingin kemur úr íbúðinni“

Viðmælendur mínir hafa allir orðið fyrir ólíku viðmóti frá aðilum á vettvangi heimilisofbeldis og eru nokkur atriði sem hafa áhrif á það hvernig er tekið á móti lögreglumönnum inni á heimilum einstaklinga. Það virðist skipta máli hvort tilkynningin komi frá vettvangi eða frá utanaðkomandi aðila, leiðin inn á heimilið er greiðari ef útkallið kom þaðan og enn greiðari ef gerandi hefur sjálfur hringt og tilkynnt. Þó eru alltaf einhverjir sem vísa lögreglumönnum strax á dyr og vilja geyma sín leyndarmál innan heimilisins. Ef viðmælendum mínum tekst að komast inn á heimilið í slíkum tilfellum, verða þeir vitni að mikilli ringulreið sem oftast er ekki bitnar á þeim. Upplifun þeirra af vettvangi er oft á þá leið að litið er á þá sem tilfinningalausar verur. Í rannsóknum Rigakos (1995) og Stewart og Maddren (1997) kemur fram að á vettvangi heimilisofbeldis eru lögreglumenn ávallt

reiðubúnir að hjálpa en niðurstaðan verður oft á þá leið að það virðist sem þeir séu ekki að hjálpa neinum í þessum málum.

Margar ástæður geta legið að baki þess að þolandi ákveði að tilkynna ekki ofbeldi gegn sér á heimilinu til lögreglunnar og hafa rannsóknir Johnson (2007) og Marklund og Nilsson (2008) leitt í ljós að ástæða þolanda með því að tilkynna lögreglunni um ofbeldi, er ekki endilega til að fá gerandann handtekinn, heldur fremur að róa niður aðstæður á vettvangi með aðstoð lögreglunnar. Guðrún benti mér á að sumum er aðilum er létt að sjá lögregluna eða „stundum fegin bara að einhver hafi hringt eða kominn sé hlutlaus aðili til að útkljá málið“.

Það er þá oftast þolandinn „sem vill endilega hafa okkur“, komst Aron að orði. Daníel benti á að „brotapolinn gæti jafnvel ekki viljað fá okkur inn ... af ótta þá við að sæta enn frekara ofbeldi“. Það er allur gangur á viðbrögðum og bætti Daníel við:

... við erum svona oftast, þannig séð, velkomnir í að reyna að gera eitthvað en ef við gerum ekki strax eitthvað sem fólkinu líkar, þá á bara að henda okkur út en við leyfum það sko ekki alveg, við förum þegar okkur hentar, við förum ekki fyrr en við vitum að ástandið er tryggt ... ég vil ekki þurfa að fara þarna í meiriháttar líkamsárás seinna um kvöldið ... eða þú veist, ef út í það er farið ...

Viðhorf þolenda á viðbrögðum lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis í rannsókn Johnson (2007), leiða meðal annars í ljós að þeir þolendur sem ánægðastir eru með störf lögreglunnar eru þeir sem fá upplýsingar um þá valkosti sem þeir hafa í stöðunni og ef lögreglumenn fóru að óskum þeirra. Mjög mikilvægt er fyrir þolendur að finna fyrir áhuga lögreglumanna að þeir muni veita þeim vernd og það kom auk þess mörgum þolendanna í rannsókninni á óvart hversu mikla upplýsingagjöf lögreglan veitti þeim.

Það sem aðallega hefur áhrif á jákvætt viðmót frá aðilum á vettvangi er það hvort útkallið komi frá sjálfum vettvangi eða hvort hringt er af utanaðkomandi aðila. Þá nefndu sjö af ellefu viðmælendum mínum að komið hefur fyrir að

einstaklingar á vettvangi reyni að snúa lögreglumönnum í dyrunum. Lögreglumenn eru þá ekki boðnir velkomnir inn og „hentu okkur í rauninni út aftur, þannig að við förum bara“, rifjaði Guðrún upp um einn slíkan vettvang. Hlutaðeigandi aðilar gætu hreinlega haldið að lögreglunnar sé ekki þörf. Rannsókn Felson o.fl. (2002) á þeim ástæðum að heimilisofbeldi sé tilkynnt til lögreglunnar bendir til þess að þolendur telja að mörg minniháttar tilvik ofbeldis séu ekki nógu mikilvæg til að réttlæta afskipti lögreglunnar.

Ef útkallið kemur frá ókunnugum „þá er lokað á okkur eða reynt að loka á okkur ... þá erum við að ryðjast inn á ... óboðin“, þannig að það lítur út eins og að lögreglan væri að skipta sér af einhverju sem henni kæmi ekki við, bætti Baldur við. Um aðgengið á vettvangi nefndi Baldur sömuleiðis að leiðin varð enn greiðari inn ef það var gerandinn sem hringdi en samt „reynir hann að standa í lappirnar og hleypa okkur ekki inn“, bætti hann við.

Á vettvangi ríkir mikil ringulreið og hræðsla sem getur birst sem reiði gagnvart lögreglumönnum, „því við erum í rauninni búningur sko ... fólk lítur á okkur sem tilfinningalausar verur sko“, bætti Baldur við. Ýmsu er hreytt að lögreglumönnum, „það er oft þannig þegar það koma mikið fleiri en tveir að þá bara, hvað er í gangi? Viljið þið ekki bara koma hérna hundrað?“, sagði Daníel og Þórir bætti við: „Mér finnst lögreglustarfið vera svo lítils metið sko en allir viðurkenna að það verður að vera til staðar“.

Bjarni tók undir þetta með samstarfsmönnum sínum, að aðilar á vettvangi eiga oft erfitt með að fá þriðja aðila inn á heimili sitt þar sem „ákveðin leyndarmál“ hafa átt sér stað, eins og hann orðaði það. Þegar Aron var spurður út í þau viðhorf sem mætt hafa honum á vettvangi sagði hann þetta:

... yfirleitt er það bara einn sem hringir og sá sem að hringir er sá sem að vill fá okkur og hinn vill væntanlega ekkert með okkur hafa ... það er yfirleitt þannig ... yfirleitt er það þannig að gerandinn vill ekki hafa okkur en fórnarlambið vill endilega hafa okkur ...

Dagný var sú eina af viðmælendum mínum sem sagðist oftast vera vel tekið á vettvangi en tók undir með fyrri viðmælendum að aðstæður eru misjafnar, „það eru ekki allir hrifnir af okkur, fólk er ekki alltaf tilbúið að mingla [blanda geði]

við mann“. Auk þess þykjast einstaklingar saklausir, „hvað eruð þið að gera hérna?, af hverju eruð þið að banka upp á hjá mér, gátuð þið ekki bankað upp á einhvers staðar annars staðar?“, var sagt við Ernu á vettvangi.

„Það skiptir öllu máli hvernig við komum fram“

Tíminn sem viðmælendur mínir hafa eytt á vettvangi heimilisofbeldis er mislangur og virðist framkoma lögreglu skipta öllu máli varðandi framgang mála. Vitlaust orðaval lögreglumanns eða útlit hans getur valdið uppnámi á nýjan leik. Athygli vekur að kyn viðmælenda virðist ekki hafa eins mikil áhrif á framvindu mála á vettvangi, aðeins ein af lögreglukonunum hefur fengið neikvæðar athugasemdir vegna þess að hún er kona.

„Sko þessi heimilisofbeldismál eru þannig vaxin að þau taka gríðarlega langan tíma, til þess að fá einhverja úrlausn á vettvangi ... og hafa svona oftár en ekki yfir sér svona úrræðaleysi“, tjáði Þórir mér.

Viðmælendur mínir höfðu allir farið á vettvang þar sem málin leystust eftir aðeins klukkustund en fjórir af viðmælendum nefndu að komið hafi fyrir að þeir hafi verið á fjórðu klukkustund á vettvangi.

Vettvangur heimilisofbeldis er mjög viðkvæmur og huga þarf að mörgu til þess að ná tökum á ástandinu, eins og rannsóknir hafa sýnt að jákvæð viðbrögð lögreglumanna getur aukið sjálfsmynd þolanda, hvetur hann til þess að leita sér frekari aðstoðar og eykur líkur á að lögreglunni sé tilkynnt um brot í framtíðinni (Apsler o.fl., 2003; Chandek, 1999; Martin, 1997).

Allir viðmælendur mínir ellefu tóku það fram hversu mikilvæg framkoma þeirra á vettvangi væri, þar sem vitlaust orðaval eða útlit þeirra getur valdið uppnámi á nýjan leik. Daníel komst þannig að orði:

... já, það skiptir öllu máli hvernig við komum fram ... við verðum alveg að vera mjög rólegir og yfirvegaðir í öllu okkar fasi og líka hvernig við stöndum og berum okkur að ... en aftur á móti þá sýnum við að við leyfum enga vitleysu sko ... ef viðkomandi ætlar að vera með einhverja ofbeldis-tendensa [tilhneigingu] þá sýnum við að það

sé ekki leyft og ef það fer yfir eitthvað ákveðið strik að þá verður tekið á því ...

Aron benti á að oftast gengur mjög vel að ná til einstaklinga á vettvangi en stundum er eins og hann hitti á einhvern sem líkar ekki við hans framkomu, „útlitið á mér eða hvernig ég byrjaði samtalið eða eitthvað“ sem verður til þess að samskipti lögreglunnar við íbúa verða ónýtt það sem eftir er. Bjarni bætti við: „Maður þarf að hafa svo mikla yfirsýn ... og kannski eitt vitlaust orð getur sett allt í bál og brand aftur“. Aron hélt áfram:

... en í þessum situásjónum [aðstæðum] sem eru ofboðslega viðkvæm, getur maður sagt eitt rangt orð og af því að það eru allir í uppnámi, það eru allir viðkvæmir sem geta orðið til þess að málið er bara ónýtt, manneskjan talar bara ekkert meira við þig, þá verður þú bara djöfull í mannsmynd í þeirra augum og þá á ég aðallega við um ef ég er að tala við fórnarlambið sko ...

Aldur lögreglumanna getur sömuleiðis haft áhrif á þróun mála, alls nefndu fimm af lögreglumönnum ellefu áhrif aldurs á vettvangi. Tveir viðmælendanna minna höfðu þó aldrei upplifað að aldur sinn væri einhver áhrifaþáttur á vettvangi. Athygli vekur að þessir viðmælendur voru kvenkyns.

Ef viðmælendur mínir voru töluvert eldri en aðilar á vettvangi hefur það komið fyrir að aðilum finnist óþægilegt að tala við lögregluna, finnst þeir vita of mikið. Aftur á móti líta sumir svo á „já, hann hefur kannski eitthvað að segja“, sagði Bjarni. Baldri fannst hann fá virðingu út á reynslu sína enda spannar hún yfir þrjátíu ár.

Ungur, óreyndur lögreglumaður getur sömuleiðis lent í vandræðum þegar hann hyggst ræða við eldri einstaklinga á vettvangi, „sko, ég ætla ekkert að tala við þig því þú veist ekkert um hvað hlutirnir snúast í lífinu“, hafði Bjarni upplifað og tók Daníel undir þetta og bætti við: „Það náttúrulega gengur ekki að vera að tala eitthvað föðurlega við einhvern ... það bara gengur ekki ... þá verður það bara ennþá strembnara“ en benti auk þess á að oftast eru einstaklingar á vettvangi á svipuðu reki við hann eða á þrítugsaldri.

Að mati Baldurs er það „betra að líta út fyrir að vera með einhverja reynslu“. Ef reynsluleysi lögreglumanns sést, þá er hætta á því að einstaklingar á vettvangi reyni að taka við stjórninni. Dagný sagðist alltaf vera álitin yngri en hún er „þó ég sé á fimmtugsaldri“ og taldi mestu máli skipta að reyna að ná til fólksins „í hvaða aðstæðum sem það er, á hvaða aldri það er“. Bjarni tók undir þessi orð en bætti auk þess við:

... ef þú getur sest niður með fólki og talað við það fram og til baka og það áttar sig á því að þú ert með reynslu og veist um hvað hlutirnir snúast ... og getur kannski skotið því inn í að maður hefur oft séð þetta, þá ertu mjög fljótur að vinna á einstaklingana ... þannig að það hefur áhrif...

Orðaval viðmælenda minna skiptir ekki eingöngu máli heldur einnig tónninn í röddinni þegar þeir ræða við íbúa, „maður þarf að tala hægt ... vera yfirvegaður, láta fólk aldrei finna að maður er stressaður“, sagði Bjarni. Í „svona tilfinningalegu uppnámi á fólk auðvelt með að misskilja hvað maður segir, þannig að maður þarf að passa sig mjög mikið sko“, sagði Ásta.

Athygli vekur að kyn lögreglumanna hefur ekki eins mikil áhrif á framvindu mála á vettvangi og orðaval og tónn, að mati viðmælenda. Aðeins ein af kvenkyns viðmælendum mínum, Hildur, hefur upplifað neikvæð viðbrögð vegna kyns síns og benti á: „Ég hef samt alveg fundið svona fyrirlitningu og eitthvað ... einmitt út af því að maður er kona ... það hef ég alveg fundið ... en það er ekki í öllum tilfellum“, sagði hún. Ásta sagðist ekki finna fyrir neinum kynjamun en þó er það „mismunandi hvort fólk vill tala við lögreglukonu eða lögreglumann ... það er allur gangur á því“.

Þegar á öllu er á botninn hvolft voru allir viðmælendur sammála um að hlutaðeigandi aðilar voru sáttir við störf þeirra á vettvangi en í raun er svo lítið sem lögreglumenn geta gert, sem lýsir sér ef til vill best í því þegar „við höfum verið beðin um að handtaka þennan og hinn, þó það sé engin ástæða, grundvöllur fyrir því sko ... það er kannski aðallega það sem fólk er ósátt við“, sagði Ásta að lokum.

Misræmi í frásögnum íbúa

Ein af ástæðunum fyrir því hversu aðstæður á vettvangur heimilisofbeldi geta verið erfiðar og óskiljanlegur, eru þær að deiluaðilar koma oftast með tvær ólíkar sögur af atburðarrásinni og reyna að fegra sig í augum lögreglumanna. Það er ekkert síður þolandinn sem skáldar upp atburðinn, skömm hans á ástandinu gæti þar spilað stórt hlutverk. Því reynist það erfitt fyrir lögreglumenn að henda reiður á hina raunverulegu atburðarrás því ef til vill er ekki augljóst í byrjun hver brotþoli eða gerandi er (Wolf, Ly, Hobart og Kernic, 2003).

Alls nefndu átta af viðmælendum mínum að misræmis gætir oft í frásögnum íbúa, þar sem þeir reyna að fegra sig og skálda jafnvel upp einhverjar sögur til að gera lítið úr málinu. „Þú veist, það var orð á móti orði“, lýsti Hildur einum vettvangi og vissi ekki hvor aðilinn hefði beitt ofbeldinu. Bjarni hafði svipaða sögu að segja og bætti við: „Við komum náttúrulega bara inn í einhverjar aðstæður“.

Baldur sagðist alltaf hafa allan vara á þegar hann hlustar á þær fullyrðingar sem sagðar eru „í hita leiksins“, því einstaklingar reyna oft að vera „svolítið saklausir“. Daníel sagði mér frá því að eitt sinn hlustaði hann á frásögn annars aðilans á vettvangi og á sama tíma var félagi hans að „heyra einhverja sögu, kannski einhverja allt aðra sögu af sama hlutnum“.

Bjarni lýsti þannig atviki um misræmi aðila á atburðarrásinni:

... og svo fer maður að spyrja fólk hvað gerðist og þá koma sko tvær ólíkar sögur og það er kannski ekki alltaf sannleikurinn sem liggur í sögunni ... út af því að tvær persónur hafa mismunandi skoðanir á atburðarrásinni ... og fólk vill heldur ekki segja manni hvað varð til þess að þetta gerðist ... oftast nær sko ...

Aron tekur sömuleiðis undir þessar móttökur á vettvangi og sagðist eiga erfitt með að „mynda sér hreina og beina skoðun á því hvað hafi gerst þarna“ og lögreglan „reynir að taka einhverja skynsama ákvörðun“ eins og Daníel komst að orði og bætti við: „Ef það eru ekki sjáanlegir áverkar á viðkomandi eða að það er ekki

búið að rústa neinu til, þá svona er erfitt að henda reiður á það hvort verið sé að segja satt“.

„Það svona vill bara fela þetta með sjálfum sér ... vill ekki blanda öðrum inn í málið, maður getur náttúrulega ekki farið að kjafta, þú veist, hringt gegn þeirra vilja nema að það sé eitthvað meira að sko“, lýsti Guðrún. Rannsóknir hafa einmitt fært rök fyrir því að þolendur vilja oft ekki að aðrir komist að sannleikanum og þá sérstaklega ættingjar sínir (Hickman og Simpson, 2003; Johnson, 2007).

Ásta tók undir þetta því henni fannst hún fá „allar sögurnar ... það er alltaf verið að kenna hinum aðilanum um“ og bætti Baldur við: „þá kannski tökum við ekki eins mikið mark á viðkomandi ... ef hann er að reyna að fegra sjálfan sig“. „Maður getur ekkert sagt“, sagði Birna og bætti við: „Maður er hlutlaus en það er náttúrulega eitthvað misræmi eins og einhver sé að plata eða ljúga sko, en maður veit ekki hvor það er ... þetta er svo mikið orð á móti orði“.

Í slíkum aðstæðum þurfa lögreglumenn þá að ræða málin sín á milli til að taka ákvörðum um áframhaldandi aðgerðir og þá er oft eins og allt fari í sama farið aftur. Daníel gaf dæmi:

*... þannig að um leið og við förum frá þeim að þá oftast virðist liðið
sækja í hvort annað ... halda áfram ruglinu, þó svo að við séum inni ...
það kemur oft fyrir að við þurfum að stíla fólki aftur í sundur af því að
það byrjaði aftur að rífast ...*

Vegna þessa misræmis sem gætir í framburði einstaklinga á vettvangi þá hefur það í óteljandi skipti ollið því að þolendur hafa kosið að gera ekkert í málinu að mati viðmælanda minna. „En ef aðilar vilja ekkert gera í sínum málum, þá kallar maður það bara gott og gilt“, sagði Ásta.

Þetta misræmi í frásögnum aðila á vettvangi heimilisofbeldis er áhugavert að skoða í ljós kenninga Goffmans (1959) um áhrifastjórnun (*impression management*) þar sem einstaklingar reyna ávallt að hafa áhrif á aðra í samskiptum sínum. Að auki bendir Goffman (1959) á að einstaklingar reyna einnig að vera mjög meðvitaðir um hegðun sína með því að spila annað hlutverk en þeir eru

vanir (*front stage behavior*). Samkvæmt viðmælendum mínum voru aðilar á vettvangi heimilisofbeldis engin undantekning, þar sem fyrstu kynni þeirra á milli, bera einmitt vott um að íbúar reyni að fegra sig og setji af stað einhvers konar leikþátt til að gefa í skyn betra ástand gagnvart þeim lögreglumönnum sem mæta heim til þeirra.

Að sama skapi er áhugavert að skoða þær ástæður sem liggja að baki því að aðilar á vettvangi heimilisofbeldis reyni að leika sig saklausari en þeir eru. Goffman hefur bent á að samfélagið reynir að flokka og stimpla (*stigma*) einstaklinga vegna þess að þeir eru ólíkir þeim stöðlum sem þar viðgangast. Hegðun stimplaðra einstaklinga fer því annað hvort eftir því hvort stimplunin sé öðrum augljós eða ekki. Þeir sem bera stimpil eru oft meðvitaðir um það og búast við ákveðnu viðmóti frá öðrum sem jafnframt eru með fyrirfram ákveðnar hugmyndir gagnvart hinum stimplaða. Afleiðingin er sú að samskipti þeirra á milli eru lituð af þeirri vitund um að einn sé öðruvísi en annar. Ef aðrir vita ekki af stimpluninni, reyna hinir stimpluðu að halda þeim upplýsingum fyrir sig en hins vegar getur ríkt töluverð spenna í samskiptum milli einstaklinga ef stimplunin er öðrum augljós (Ritzer og Goodman, 1983).

Þeir aðilar sem viðmælendur mínir hafa átt í samskiptum við virðast spila annað hlutverk en þeir eru vanir því ef til vill gera þeir sér grein fyrir að lögreglumönnum er ljóst um ástandið á heimilinu, þar sem heimilisofbeldi er ekki einstakt tilvik. Þeir gera sér grein fyrir því að ákveðin samfélagsleg norm eru brotin með heimilisofbeldinu, þar sem ofbeldi inni á heimilum telst ekki eðlilegt heimilisástand. Þar af leiðandi ríkir mikil spenna í samskiptum lögreglunnar og aðila á vettvangi og gerir það að verkum að oft reynist erfitt fyrir lögreglumenn að henda reiður á hina raunverulegu atburðarrás.

Enginn vilji til aðgerða

Hjá viðmælendum mínum öllum kom það fram að þeir eru alltaf tilbúnir að aðstoða á vettvangi. Aftur á móti er upplifun þeirra sú að eftir miklar viðræður við íbúa enda málin oft á þá leið að enginn vilji er til frekari aðgerða að hálfu íbúanna. Jafnvel þó að þólandi sé með áverka, kýs hann að þiggja ekki aðstoð

lögreglu og biður jafnvel um að láta ofbeldismanninn í friði. Þá neyðast viðmælendur til að yfirgefa vettvang. Í viðtölunum kom einnig fram að mikla hugarfarsbreytingu þarf hjá þolendum, sem láta slíkt yfir sig ganga.

Þó að algengast er að lögreglumenn þurfi að fara af vettvangi vegna þess að aðilar þar hafi ákveðið að þeir ekkert frekar gera í málinu, þá minnst aðeins einn af viðmælendum mínum, Bjarni, að einu sinni hafi þolandi strax þegið aðstoð hans og brotið ofbeldismynstrið. Lögreglan verður þó að virða ákvarðanir hlutaðeigandi aðila eins og Ásta benti á:

... og ef fólk vill ekki tala við okkur, það er yfirleitt annar aðilinn sem kallar á lögreglu eða börn fólksins eða nágrannar ... þannig að, jú, jú, maður hefur oft farið í svoleiðis mál þar sem þau vilja ekkert, þá kallar maður það bara gott og gilt ...

Guðrún bætti við, að ef gerandi er farinn af vettvangi og þolandi vill ekki ekkert gera frekar í málinu, neyðast lögreglumenn til þess að yfirgefa vettvang „maður getur ekki verið að þína upp á það eitthvað ... maður reyni bara að höfða til þess að það reyni að leita sér aðstoðar ... deginum eftir eða eitthvað“. Vitaskuld koma tímabil í öllum þessum ofbeldissamböndum þar sem „allt er svo voða gott inn á milli og maðurinn [gerandinn] sér svo eftir þessu og hún kannski líka ... en svo náttúrulega bara springur þetta aftur“, sagði Hildur.

Alls nefndu átta af ellefu viðmælendum að þeim hafi bæði verið þakkað fyrir þá hjálp sem veitt er og sömuleiðis verið beðnir um að láta gerandann vera. „Það er alveg til sko, að brotþoli hafi sagt okkur að láta ofbeldismanninn í friði“, sagði Daníel og Ásta bætti við: „Þolandi er oft ósáttur við að gerandi sé handtekinn og líka þegar hann er ekki handtekinn“. Í viðtalinu við Baldur lýsti hann svipaðri reynslu þegar þolanda „fannst við [lögreglumennirnir] allt of harkalegir við hann [geranda]“. Baldur hélt áfram:

... já, já, vildi bara hitta manninn sinn ... hún var svo sem ekki með miklar ásakanir við okkur sko enda var hún það illa farin í framan að hún gat kannski lítið ... en svona, hún ýjaði að því að hún var ósátt

með að hann skyldi vera í tukthúsinu ... sjálfsagt lendir ... já, hefur örugglega lent á henni þegar hann kæmi út ...

Guðrún sagðist reyna að fá gerandann til að „yfirgefa heimilið eða eitthvað en yfirleitt vill fólk það ekki ... það er það þrjúskt sko ... vill síður lúffa fyrir hinum ... finnst mér“. Erna hefur oft óskað þess að geta sagt við annan aðilann, „jæja, nú átt þú bara að fara“ þegar hvorugir aðilar vilja nokkuð gera í málinu. Birna benti mér á að „þær eru ekki allar meðvirkar, það eru líka sumar sem vilja þetta ekki“.

Erna hefur oft orðið vitni að því að vera beðin um að yfirgefa vettvang. Polandi vill ekkert gera og setur upp „einhvern front“ og bætir síðan við „þetta er allt í lagi, bara smá rifrildi“. Leyfi lögreglumanna til aðgerða er takmarkað og ástandið þarf að vera orðið „það alvarlegt að við þurfum að skerast inn í til að gera eitthvað“, bætti Erna við, „eða einhver í lífshættu“ eins og Dagný orðaði það.

Mat Arons á slíkum aðstæðum var á þá leið að honum þykir sumar konur vera farnar að setta sig við aðstæður og lýsa ofbeldismanni sínum á þá leið að „hann á bara bág“ ... þú veist, ég þarf að hjálpa honum“ eða segja „við erum bara að rífast og búin að leysa okkar og orðnir vinir“. Guðrún lýsti yfir vanmætti sínum og sagði: „Það þarf svo mikla hugarfarsbreytingu [hjá konunum]“ og telur Guðrún sig of oft hafa orðið vitni af frásögn kvenna um að „hann er búinn að gera þetta áður, lemja mig“ en síðan hafa þær ekkert vilja gera í málinu, „það er svolítið erfitt, þú veist að fá hana allt í einu núna til að gera eitthvað, kannski ekki endilega til að kæra en að gera eitthvað í sínum málum“, sagði Guðrún en bætti við „viðkomandi er náttúrulega búinn að brjóta hana andlega niður“.

Aron hefur nokkrum sinnum staðið í dyragættinni á vettvangi af því að honum hefur ekki verið hleypt lengra inn og spurt konuna hvort hún sé í lagi. „Þó hún segi já, þá er ekkert að marka því maðurinn stendur yfir henni“, bætti Aron við. Undir slíkum kringumstæðum myndi hann vilja geta séð eitthvað í fasi hennar eða þá að hún myndi gefa honum merki um það á einhvern annan hátt að hún sé í lagi.

Tilfinningaleg upplifun og viðhorf lögreglumanna

Síðasta þemað skiptist í undirþemun: *Alvarleiki heimilisofbeldis*, „*af hverju er maður að leggja þetta á sig?*“, *starfsálag lögreglumanna*, *stuðningur frá öðrum lögreglumönnum*, *framtíð og breytingar* og *lokum fræðsla lögreglumanna um heimilisofbeldi*. Í þessum hluta koma upplifanir lögreglumanna af vettvangi heimilisofbeldis betur í ljós. Aðstæður sem mæta þeim á vettvangi eru oft hrikalegar og oft eru ummerki um átök mjög greinileg. Erfiðasti vettvangur í augum allra viðmælenda var þar sem börn hafa orðið vitni að ofbeldinu. Viðmælendur viðurkenndu að stundum ættu þeir í erfiðleikum með að átta sig á alvarleika ofbeldisins á vettvangi. Upplifun margra viðmælenda var á þá leið að þeir furða sig á aðgerðarleysi þolenda, af hverju þeir þiggja ekki aðstoð lögreglunnar eða taki af skarið og geri eitthvað í sínum málum.

Í dag er algengt að ný verkefni bíða lögreglumanna þegar út í bíl er komið og varla er hægt að pústa á milli. Lögreglumenn ræða lítið um vettvang, nema við aðra lögreglumenn og reyna eftir besta megni að leggja ekki atburðina á minnið. Stuðningur frá öðrum lögreglumönnum er þeim mikilvægur, þó lítill tími gefist til að spjalla eins og áður var hægt. Þeir reyna þó að ræða saman í bílnum. Varðandi breytingar í framtíðinni myndu þeir flestir vilja sjá að aðgerðir sínar á vettvangi bæru meiri árangur og allir vildu þeir fá frekari heimildir til aðgerða. Sem úrlausn nefndu sumir að beina ætti brotamanni skilyrðislaust út, jafnvel handtaka. Aðrir vilja auka menntun og símenntun starfandi lögreglumanna því að baki þeim liggur mislöng starfsreynsla og fræðsla um heimilisofbeldi.

Alvarleiki heimilisofbeldis

Eins og fram hefur komið eru aðstæður á vettvangi heimilisofbeldis mismunandi í hverju útkalli fyrir sig og oft á tíðum alls ekki fagarar. Innanstokksmunir hafa brotnað og einstaklingar eru með mismikla áverka. Mikið uppnám er á vettvangi og ásakanir fljúga á milli einstaklinga, þar sem logið er til að fegra sig. Slíkar móttökur á vettvangi, gera viðmælendum mínum erfiðara fyrir og eiga þeir oft erfitt með að átta sig á alvarleikanum. Rannsókn Gracia o.fl. (2008) bendir á að

Því meira sem lögreglumenn upplifa alvarleikann í tilvikum heimilisofbeldis, því meiri verður þátttaka þeirra á þann hátt að þeir grípa til aðgerða.

Þó að viðmælendur mínir geri sér grein fyrir því að einhver hafi verið beittur ofbeldi á vettvangi, þá nefndu allir ellefu lögreglumennirnir að þeir eigi oft erfitt með að átta sig á alvarleikanum og hvað í raun átti sér stað, eins og komið hefur fram. „Það er kannski ekkert auðvelt að átta sig á hvað sé búið að ganga á“, sagði Ásta. Aðstæður eru mismunandi hverju sinni og ef engin vitneskja er til um önnur tilvik varðandi ofbeldi á heimilinu, getur það reynst lögreglumönnum erfitt að kljást við íbúa á vettvangi.

Í hugum allra viðmælenda er erfðasti vettvangur þar sem börn hafa orðið vitni að ofbeldinu, „það er það versta í stöðunni ... aðallega börnin sko“, sagði Ásta og bætti Dagný við:

... mér finnst bara ömurlegt að koma inn í heimili þar sem allt er í rúst sko ... þar sem er svona ... æ, ég veit ekki hvað ég á að segja ... þú veist, rosalegar tilfinningar, kannski ýmislegt búið að gerast þarna, allt í rúst og fólk er bara í klessu ... mér finnst það alltaf mjög sorglegt að sjá ... fólk þannig ... svona niðurbrotið og líður illa ... sérstaklega ef það eru börn ... það er bara mjög erfitt ... ekki erfitt kannski en svo nóturlegt ...

Vitaskuld geta allir rifist benti Aron á, „en það sem náttúrulega gerir þetta ljótt er að þetta gerist inn á heimili hjá fólki, innan fjölskyldunnar“.

„Af hverju er maður að leggja þetta á sig?“

Algeng upplifun viðmælenda minna af vettvangi heimilisofbeldis er þar sem þeir lýsa yfir vonleysi og vanmætti. Rannsóknir (DeJong o.fl., 2008; Hoyle og Sanders, 2000; Stewart og Maddre, 1997) skýra frá slíkum vanmætti lögreglumanna gagnvart vettvangi eða aðilum sem þar eru staddir og telja sumir lögreglumanna að aðgerðir sínar á vettvangi muni ekki skila neinum árangri.

Viðmælendur mínir gefa sig alla fram til að aðstoða hlutaðeigandi aðila, í þeirri von að nú muni þeir þiggja aðstoðina. Oftast endar þó útkallið á því að lögreglumönnum er vísað á dyr og nærveru þeirra ekki óskað lengur. Margir viðmælenda hafa spurt sig, hvaða brögðum þeir eigi næst að beita ef tilkynning um heimilisofbeldi berst frá vettvangi sem þeir hafa áður sinnt. Þeir vona í hvert sinni að nú átti hún sig, þar sem þolendur eru í meirihluta konur.

Athygli vakti að tæpur helmingur viðmælenda eða fimm lýstu furðu sinni yfir því hversu margir þolendur þiggja ekki þá hjálp sem í boði er, leita sér ekki hjálpar eða segja ekki frá aðstæðum sínum. „Sumir hafa aldrei sagt frá“, tjáði Guðrún mér. Af þessum fimm manna hópi voru tveir af þeim karlkyns lögreglumenn. Mikið þarf að hafa gengið á til þess að fjarlægja megi einstakling af heimili sínu og þegar viðmælendur fara aftur í útkall á sama vettvang, þá tóku margir lögreglumannanna undir orð Ernu: „Hvað á ég að gera núna?“ og „vonast til að nú átti hún sig“, sagði hún, þar sem konur eru í meirihluta þolendur.

„Það reynir á þol manns“, upplifði Bjarni. „Þær segjast elska hann þótt hann sé að þessu, þetta verður bara eins og þær séu heilapvegna“, sagði Erna. Guðrún lýsti sömuleiðis vonbrigðum sínum yfir því hversu margir þolendur láta ofbeldið yfir sig ganga og hélt áfram:

... það er eitthvað að fólki sem ... þú veist, konan tekur hann alltaf aftur ... hann er alltaf kominn aftur, það er eitthvað að og þá er svo erfitt að hjálpa fólki ... hvað getum við gert ... þú veist ...

Guðrún bætti við að eitt sinn hefði hún lent í því að flytja konu á slysadeild eftir barsmíðar eiginmanns og var konunni síðan ekið aftur heim til sín, „þá fallast þau bara í faðma skilurðu“, sagði Guðrún og hélt síðan áfram:

... til hvers er maður að leggja vinnu í einhver svona mál sem eru bara ... sem eru ljót ... eins og þetta ... hún var illa farin, það var búið að bíta hana og foreldrarnir voru komnir þarna ... og þau fallast bara í faðma, þú veist ... til hvers er maður eiginlega ... maður verður svo

pirraður, af hverju er maður að leggja þetta á sig ... að eyða tíma í svona ... maður gæti alveg hugsað sér eitthvað betra ...

Hildur spyr sig stundum að því hvað þolendur eru eiginlega að hugsa og „þó þær fari í Kvennaathvarfið og við segjum þeim að leita sér aðstoðar og þá er bara eins og þær ... já, bara kannski svo brotin sjálfsmynd að það er bara eins og þær hafi sig ekki út úr þessu“, sagði hún.

Nokkrar rannsóknir (Gracia o.fl., 2008; Rigakos, 1995) hafa einmitt bent á að algeng viðbrögð lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis eru afskiptaleysi og vægð, þar sem þolanda er kennt um ástandið, því heimilisofbeldi hefur tilhneigingu til að vera álitid einkamál fjölskyldunnar en ekki vandamál lögreglunnar.

„Það fer ennþá meira í taugarnar á manni“, sagði Aron þegar hann var spurður út í ítrekun heimilisofbeldis og bætti við:

... sem sagt maður leggur allar línur fyrir hana ... og svo er maður kallaður aftur þangað og við þurfum að fara aftur og aftur og aftur ... þá svona getur það verið pirrandi ... og þá langar manni ekki að leggja eins mikið á sig sko ...

Ásamt vonleysi og vanmætti sagðist Erna finna fyrir leiða, „út af því að maður er alltaf að reyna að fá þær eða hann eða hana, til að gera eitthvað í málinu ... þú veist, „af hverju ertu að hringja ef þú ætlar ekki að gera neitt í málinu?“ og hélt áfram:

... við viljum gera allt til að hjálpa þeim, þú veist, maður reynir í hvert einasta skipti ... „viltu koma með okkur eða viltu koma til að kæra eða viltu gera þetta?“ [við þolanda] ... alltaf bara „nei, nei, nei“, „af hverju ertu þá að hringja?“ „hvað eigum við að gera fyrir þig?“ „við getum í rauninni ekkert gert nema, eins og ég sagði áðan, að ástandið sé orðið það slæmt ...

Komið hefur fram að oft eyða lögreglumenn löngum tíma á vettvangi að tala við báða aðila svo aðstæður á vettvangi lagist og „vonandi er það skref í rétta átt“ sagði Daníel en benti jafnframt á að honum finnst aðstoð lögreglunnar oft á tíðum tilgangslaus. „Maður verður stundum bara svo ... uppgefinn“. „En auðvitað situr þetta mislengi eða mismikið í manni ... útköllin ... þau eru bara svo rosalega mismunandi eins og þau eru mörg“, bætti Hildur við.

Starfsálag lögreglumanna

Eins og komið hefur fram fara viðmælendur mínir oft á vettvang heimilisofbeldis og benda eldri lögreglumenn á, að með reynslunni hafa þeir byggt upp skráp fyrir þeim málum sem þeir verða vitni að á vettvangi. Þó kemur fram að álagið á lögreglumönnum er það mikið að enginn leið sé að loka algjörlega á ljótleikann sem viðmælendur upplifa. Afleiðingar af erfiðri upplifun viðmælenda getur brostið út í hegðun þeirra og aðgerðum, hvort sem það er heima fyrir eða úti á vettvangi.

Alls nefndu fimm af viðmælendum mínum að með árunum hefur þeim tekist betur upp með að loka á atvik úr hinum ýmsu útköllum. Baldur tjáði mér að ef hann hefði verið spurður fyrir rúmum þrjátíu árum um líðan sína eftir vettvang heimilisofbeldis hefði hann sjálf sagt svarað öðruvísi, „skrápurinn er náttúrulega orðinn það harður að maður lítur á þetta sem hvert annað verkefni og er með sína ákveðna punkta um hvað skal varast og lenda ekki í“, bætti hann við. Með starfsreynslunni sagðist Bjarni einnig „byggja upp skráp“ fyrir þessum málum, „þetta er hluti af því starfi sem lögreglumennirnir hafa kosið sér“, sagði hann.

„Þetta [heimilisofbeldi] eru náttúrulega ekkert skemmtileg útköll“, að mati Hildar. Annars „kemur alltaf svona eitt og eitt sem meira kannski svona situr svolítið í manni ... svona alvarlegri mál“, bætti hún síðan við. Erna sagðist lítið hugsa um þessi mál nema þau sem eru mjög alvarleg.

Reynsla Guðrúnar spannar ellefu ár og eftir mörg útköll á vettvang heimilisofbeldis sagði hún: „Æ, þú veist maður reynir oft ekkert að vera að velta þessu fyrir sér ... bara leysir málin á vettvangi“ og hélt áfram:

... ég á nokkuð auðvelt með að skilja svona eftir bara, ég bara loka á þetta þegar ég labba út ... ég er ekkert að taka þetta mikið með mér ... út fyrir þröskuldinn ... en auðvitað hugsar maður um þetta og mér finnst voða gott að fara úr fötunum á löggustöðinni og í mín föt og svo bara heim ... þannig skilur maður þetta eftir ...

Eftir rúm 40 ára starfsreynslu í lögreglunni telur Þórir að „þó að menn séu með skel, þá kemur þetta [útköllin] ... þá síast þetta inn“. Hann telur sig vera farinn að þekkja lögreglumenn vel og tjáði mér að sum útköll hafi áhrif, „það eru mörg mál sem að sitja í manni“ sagðir hann og bætti við:

... það er kannski þessi míta sko, um lögreglumannsstarfið, að þeir [lögreglumenn] séu alltaf tough [harðir af sér] ... en eftir svona 20 ár, þá fer andlega líðanin og skrokkurinn að lýjast ... maður heyrir enn lækjarniðinn hjá þeim ungu, en svo fer að minnka straumurinn sko ...eftir 20 árin ... enda þekkist hvergi í heiminum að lögreglumenn séu að vinna lengur en 35 ár ... það bara þekkist ekki ... menn eru að vinna hérna kannski í 45 ár ... ef þeir hafa byrjað tvítugir, þá geta þeir hætt 65 ára ...

Þórir hélt áfram og sagðist hafa áhyggjur af þeim afleiðingum sem skapast geta ef lítil tími gefst hjá lögreglumönnum að pústa á milli verkefna „og ég held að ég sjái þetta bara í ákveðinni árásargirni ungra lögreglumanna ... þeir hafa ekki fengið að vinna úr reynslunni ... það er mjög slæmt“, sagði hann og hélt áfram:

... það er til dæmis eitt sem hefur verið svolítið feimnismál að tala um en það er burnout [starfsþrot] en það sér maður, ég sé þetta sko, vegna þess að ég hef sjálfur þurft að berjast við burnout og ég áttaði mig ekkert á því, það er svo lúmskt ... og hérna, þessir reynsluboltar í dag ... þeir eru allir að berjast við burnout ... ég sé það á framkomunni ... eitt af því sem lögreglumenn verða mjög fljótlega sérfræðingar í, það er sko body language [líkamstjáning], það er sko behavior [hegðun], það er sko framkoma ... við lærum þetta alveg frá

Því að við byrjum í lögreglunni og við erum alltaf að sjá og lesa í allar framkomur ... og ég get alveg séð það að margir starfsfélagar mínir eru að berjast við burnout ... Þetta lýsir sér í því hvernig þeir koma fram, aukinni drykkju ... kveikurinn verður styttri, þeir bregðast ókvæða við allri gagnrýni ... og hérna, það er svo margt ...

„Sumir vilja meina að þetta lögreglustarf sé bara svolítið mannskemmandi“, sagði Hildur og Bjarni slær endapunktinn: „Ef lögreglumenn safna þessum erfiðu útköllum saman, gætu þau orðið að stórri sprengju sko og hvar springur hún?, heima, í vinnunni eða úti á vettvangi, með félögunum? Það er hættulegt“.

Þessar niðurstöður svipar til rannsókna Burke og Mikkelsen (2005) og Kop og Euwema (2001), sem færa rök fyrir því að tengsl séu á milli starfsþrota lögreglumanna, valdbeitingar og neikvæðra viðhorfa gagnvart almenningi. Slík viðhorf geta sömuleiðis leitt til neikvæðra viðhorfa almennings til lögreglunnar. Dæmi um streituvalda hjá lögreglumönnum er léleg valdstjórn, vaktavinna, endurskipulagning og mikil skriffínnska.

Stuðningur frá öðrum lögreglumönnum

Enginn af viðmælendum mínum hefur leitað til sérfræðings sem þeir hafa aðgang að, eftir erfiðan vettvang heimilisofbeldis. Þeir finna mestan stuðning í öðrum lögreglumönnum og ræða atburði og vettvang saman. En þar sem verkefni viðmælenda eru svo mörg í dag, gefst ekki oft tími til að spjalla saman, eins og algengt var hér á árum áður.

Lögreglumenn hafa aðgang að sálfræðingi og presti ef þeir telja sig þurfa á þeim að halda. Enginn af viðmælendum ellefu hefur nokkurn tímann leitað sér slíkrar aðstoðar eftir útkall á vettvang heimilisofbeldis. Níu lögreglumenn nefndu þó að oftast ræða þeir aðgerðir á vettvangi þegar út í bíl er komið og bentu á mikilvægi þess að hafa stuðning frá öðrum lögreglumönnum.

Þá er farið yfir „hvort að þetta [viðbrögðin á vettvangi] hafi verið rétt og hvort við [lögreglumennirnir] höfum beitt okkur rétt, bara svona fara yfir málin á meðan að maður er að keyra í næsta mál“, sagði Birna.

Guðrún tók sömuleiðis undir þetta, „við ræðum þetta kannski aðeins þegar við komum út í bíl og svo búið“, sagði hún. En „síðan fer bara eftir því hvernig félagi þú ert með sko“, bætti Dagný við. Hildur benti á að þegar hún hafi byrjað í lögreglunni fyrir átta árum, hefðu lögreglumenn oft hist á lögreglustöðinni en „það er ekki mikill tími til að setjast eitthvað inn á kaffistofu eða setustofuna ... það er svo brjáláð að gera“, ástandið er þannig í dag.

Hér áður fyrr var það „eiginlega undantekningarlaust að eldri lögreglumenn sem fréttu það að ungur lögreglumaður hefði farið á erfiðan vettvang ... þá var hann tekinn afsíðis, það var talað við hann og hann svona byggður upp“, sagði Þórir og bætti við að slíkt þekkist ekki í dag vegna fjölgun verkefna og fækkunar í starfsliðinu. Nokkrar rannsóknir (Chan, 2006; Waddington, 1999) hafa sýnt fram á algengi slíkrar samstöðu lögreglumanna, að þegar einn þeirra stendur frammi fyrir utanaðkomandi ógnun munu hinir ávallt standa við bak hans, styðja hann og aðstoða.

Baldur man sömuleiðis tímanna tvenna þegar hann var spurður út í samskipti sín við aðra lögreglumenn eftir vettvang:

... það var nú miklu meira um það hérna í gamla daga ... af því að þá vorum við það margir að vinna, það var hægt að setjast inn og ræða saman og ... en varðandi úrvinnslu svona mála [heimilisofbeldi], að þá er það mjög þýðingarmikið að þeir sem koma á vettvang séu ekki þjakaðir sjálfir af einhverju innbyggðum málum og þess vegna var það mjög gott þegar embættið var þannig stutt að það var ... aukamannskapur ... menn gátu farið inn í kaffistofu ... þá var hægt að setjast niður og ræða málin og ég tala nú ekki um að þegar reykhornið var ... þar tjáðu menn sig óspart ... en ég hugsa um að þessar samræður sem menn höfðu og þann tíma til að anda á milli verkefna, hafi hjálpað mönnum ... að losa sig frá hlutunum ... í dag gefst ekki tími til að anda á milli ... þetta er orðin svo hröð afgreiðsla ... það er lítið um það að menn setjist niður og ræði eitthvað ...

Framtíð og breytingar

Viðmælendur mínir voru allir sammála um að einhverra breytinga væri þörf í aðgerðum sínum á vettvangi heimilisofbeldis en skiptust þó á skoðunum. Flestir þeirra vilja auknar heimildir til aðgerða, jafnvel vísa geranda umsvifalaust út, handtaka hann eða ákæra og bentu tveir viðmælendur á austurrísku leiðina. Nokkrir vilja bæta menntun lögreglumanna um málaflokkinn í Lögregluskólanum eða fá fræðslu fyrir starfandi lögreglumenn.

„Við höfum náttúrulega bara takmörkuð úrræði, lögreglan sem slík, það eru kannski aðrar stofnanir sem mættu vera duglegri með eftirfylgni og annað“, bætti Ásta við.

Dagný tók undir þetta varðandi valdleysi lögreglumanna og bætti við: „Það ætti bara að kæra og gera eitthvað í málinu“, sagði hún, sem er þó svo erfitt fyrir marga einstaklinga, kúgunin hefur ef til vill staðið yfir í mörg ár. „Fólk verður að gera þetta sjálft, konan eða karlinn“, bætti Dagný við að lokum.

Guðrún lagði áherslu á að hún myndi vilja sjá breytingar varðandi leyfi til að fjarlægja brotaman af heimilinu, „þú veist, að handtaka“ og fylgjast meira með viðkomandi eftir að vettvangur er yfirgefinn. Erna tók það fram að hún myndi skilyrðislaust vilja fjarlægja aðila af heimili þar sem börn eru og sagði jafnframt:

... mér finnst oft erfitt þegar báðir aðilar eiga lögheimili þarna og enginn vill gera neitt og við megum ekki gera neitt ... við megum ekki fjarlægja neinn nema að hann sé virkilega hættulegur eða eitthvað svoliðis ... fólk þarf alveg break sko, við gætum tekið það að okkur „sko, núna ferð þú bara út“ ... manni langar svo, af því að þau segja alltaf „nei, nei“ ... hvorugt vill fara og ... við megum ekki segja „jæja, nú átt þú bara að fara með okkur og mátt koma aftur á morgun þegar þú ert orðinn edrú eða málið er orðið betra“ annars þarf hann að taka afleiðingunum ...

Daníel og Erna myndu einnig vilja sjá breytingar í þeirri heimild að ofbeldismaðurinn sé fjarlægður af heimilinu eða „þegar í stað“ eins og Daníel sagði og benti auk þess á austurrísku leiðina sem honum finnst vera „ansi skynsöm“. Sú leið er þó háð skilyrðum, þar sem geranda er vísað af heimilinu í ákveðinn tíma (Haller, 2005; Logar, 2005) „og ef hann snýr aftur, þá fer hann bara í fangelsi, það er sem sagt verið að slíta þetta ofbeldisferli“, bætti Daníel við. Slíku úrræði fylgir lagasetning sem verður ekki komið á svo léttilega.

Þórir hefur lengi verið þeirrar skoðunar að „íhuga þarf austurrísku leiðina mjög vel“, því hann lítur svo á að sú leið sem farin er í dag á vettvangi er „vonlaus ... hún leysir ekki vandamálið“ og bætti við: „Hún [lögreglan] verður að gera þær ráðstafanir sem að hún telur réttast á því augnabliki og síðan verða bara að vera einhverjir eftirmálar ... lögreglan verður að hafa úrræði, hún er á vettvangi“.

Önnur leið til að stöðva heimilisofbeldi, að mati Þóris, væri að fara eftir fyrirkomulagi Norðmanna (Ministri of Justice and the Police, 2008). „Þeir eru búnir að breyta sínum starfsreglum ... nú getur lögreglan sett nálgunarbann á viðkomandi [gerandann], tekið hann og svo er það bara hans að kæra það síðar“, sagði hann mér og bætti við: „Reynslan er sú að málunum fækkar, sem eru kærð sko ... það eru svo fáir sem kæra“.

Guðrún óskaði eftir að sú aðstoð sem lögreglumenn veita hlutaðeigandi aðilum yrði árangursríkari:

... til dæmis gefið þeim tíma hjá einhverjum ráðgjafa daginn eftir þannig að það er bara skrifað niður, mæting klukkan þetta ... þannig að hvetja fólk til að mæta ... það er miklu erfiðara fyrir fólk ef það þarf að panta tíma og fá eftir mánuð, þá hugsar það: „Nei, ég fer ekki mína ... þetta var bara eina skiptið sem ég verð fyrir þessu [heimilisofbeldi] ...

Bjarni og Aron voru báðir hlynttir því að auka ætti menntun um þennan málaflokk í Lögregluskólanum og benti Bjarni á mun skynsamlegra væri að notast við falda myndavél á lögreglumönnum „sem taka upp raunaðstæður og þú getur sýnt það á skjá í skólanum ... þá ertu að fá sko raunveruleg dæmi og raunverulegar lausnir ... heldur en að búa til einhver verkefni, því það verður ekki trúanlegt“.

Fræðsla lögreglumanna um heimilisofbeldi

Lögregluskóli ríkisins skiptir námi sínu í grunn- og framhaldsnám. Grunnnámið stendur í sextán mánuði og skiptist í þrjár annir. Framhaldsnámið byggir á námskeiðum á þremur aðgreindum sviðum, á símenntunar-, sérmenntunar- og stjórnunarsviði (Lögregluvefurinn, e.d.).

Mismikla fræðslu hafa viðmælendur mínir fengið um heimilisofbeldi. Sumir fengu einhverja kennslu um málaflokkinn í Lögregluskólanum á meðan aðrir hafa enga fræðslu fengið. Flestir þeirra bentu á að í raun komi reynslan með starfinu og að þau atvik sem lögreglumenn lenda í, sé ekki hægt að kenna í skólanum.

Mismunandi er hversu mikla fræðslu viðmælendur mínir hafa fengið varðandi mál tengd heimilisofbeldi, enda hafa þeir mislanga starfsreynslu að baki. Rúmur helmingur viðmælenda eða sex, höfðu einhverja fræðslu fengið um málefnið í Lögregluskólanum. Sú fræðsla sem þeir nefndu, byggði meðal annars á almennri fræðslu á vegum skólans eða þeir hlýddu á kynningar, til að mynda frá Kvænnaathvarfi. Þá nefndu þrír af viðmælendunum að þeir hafi tekið þátt í verklegum æfingum í skólanum og gert myndband um aðstæður á vettvangi heimilisofbeldis.

Á sínum tíma var Aron látinn taka verklegar æfingar í tímum þegar hann stundaði þar nám og síðan fengu lögreglunemarnir ábendingar um hvað mætti betur fara eða var hrósað fyrir vel unnar æfingar. Sálfræði var kennd þegar Bjarni var í Lögregluskólanum en hún snérist um „spiegelmyndir“ eins og hann orðaði það og hélt áfram, „þú þarft í rauninni að fara aðeins dýpra til þess að sjá sko hegðun hjá fólki“.

Baldur sem unnið hefur sem lögreglumaður í 36 ár, komst þannig að orði þegar hann lýsti árum sínum í Lögregluskólanum:

... sko það var ekkert sérlega mikið svona ... reynt að vinna úr svona ... hvað á ég að segja ... svona félagslega þættinum sko ... það var aðallega verið að segja okkur hvernig við ættum að vinna málin en hvort að þetta væri vandamál sem hægt væri að leysa á einhvern annan hátt, það var ekkert farið djúpt í það ...

Daníel minntist á að þegar hann var í skólanum var mikil áhersla lögð á algengi heimilisofbeldis og fékk hann sömuleiðis fyrirlestra um andlega líðan brotaþola. Í verklegum æfingum sem gerðar voru þar sem kennarar skólans léku deiluaðila, fannst Daníel hann vera „svólítið týndur en sá hvað þetta var flókið ferli“.

Skiptar skoðanir voru á meðal viðmælenda á mikilvægi þess að halda úti frekari fræðslu um heimilisofbeldismál. Meirihluti viðmælenda eða samtals níu tóku það fram að í raun lærist afgreiðsla þessara mála á vettvangi, „bara eitthvað sem maður þróar með sér“, bætti Guðrún við en benti þó á að „auðvitað mætti koma inn á þetta upp í skóla eða inn á vaktirnar ... með smá fyrirlestur“.

„Ég held að allir lögreglumenn safni í sarpinn og hérna ... vinni þá eftir reynslunni, það er bara einn liðurinn í starfi lögreglumanns“, sagði Þórir. Dagný tók undir þetta og benti á að „skólinn undirbýr mann með lög og reglur“ en bætti við að öll þau atvik sem lögreglumenn lenda í, er ekki hægt að kenna í skóla, það væri svo ólíkt því sem framkvæmt er á vettvangi. Ásta og Aron voru á sama máli: „Maður fær ákveðinn grunn í skólanum en lærir svo með því að vinna“, sagði Ásta en Aron tók sterkar til orða:

... en þetta er bara mannleg samskipti ... þú getur farið inn í þetta verkefni ... með löggufrentinn, verið bara kaldur og bara tekið niður upplýsingar og farið sko, það er ein leið til að afgreiða þessi mál en raunverulega að gefa sig persónulega og vinna þetta svona ... ég hef kosið að gera þetta svoleiðis ... þetta er bara þjúra mannleg samskipti ... hvernig ætlarðu að kenna þau ... ef þú átt erfitt með mannleg samskipti þá þyrftirðu að fara í helvíti langan kúrs til þess að vera góður. Það liggur við að maður segi að það sé bara ekkert hægt að kenna þetta ... það þarf bara að meta þetta þegar maður kemur á staðinn ...

Dagný ræddi við mig um muninn á grunnáminu sem kennt er í dag í Lögregluskólanum og þegar hún var þar, þó ekki séu liðin nema fimm ár. Hún hefur heyrt það frá nýútskrifuðum lögreglumönnum hversu „líflegra er núna í skólanum“ heldur en þegar hún var þar í grunnnámi. „Þá var þetta bara allt svona

á pappír og hefði mátt vera meira svona að leika sér og búa til aðstæður“, bætti hún við.

Eftir að grunnnámi í Lögregluskólanum lýkur, myndi Bjarni vilja fá frekari fræðslu frá skólanum, „til dæmis kúrsa til þess að geta byggt upp á réttindum þínum það sem þú hefur áhuga á ... um það á námið að snúast og lífið sko“. Dagný tók sömuleiðis undir að frekari kennsla sé nauðsynlegt og þá sérstaklega í tengslum við heimilisofbeldismál, því þau séu „það alvarleg mál“ en tók eftirfarandi fram:

... en eftir að maður kemur út að þá tæklar maður málin eftir því hvernig stundin er ... það er ekki hægt að fara eftir einhverju blaði sem segir svona er heimilisofbeldi, svona á að gera þetta en samt ertu með einhvern þínulítinn grunn og getur aðeins eitthvað þegar maður kemur inn ... mér finnst það ... þetta eru líka svo ungir krakkar sem eru að koma inn í skólann og útskrifast ... ég er ekki að gera lítið úr skólanum, mér finnst hann æði ... en að hafa búið hjá foreldrum og koma svo beint inn í Lögregluskólann ...

Enginn viðmælendanna hefur sótt önnur námskeið tengd heimilisofbeldismálum en þau sem kennd eru í Lögregluskólanum og bætti Hildur við að „auðvitað er samt alltaf gott að ... maður græðir alltaf á því að auka við þekkingu á svona málaflokkum“. Dejong o.fl. (2008) benda á mikilvægi lögregluþjálfunar, til að auka samræmi í viðbrögðum sem líklega mun leiða til fordæmingar á slíku ofbeldi. Auk þess þarf að auka menntun lögreglumanna, því ef þeir hafa takmarkaðan skilning á heimilisofbeldi getur reynst þeim erfitt að skilja þær áhyggjur sem þolendur bera með sér (Gracia o.fl., 2008).

Aðra fræðslu, þó ótengd málum er varða heimilisofbeldi, hafa fáir af viðmælendum aflað sér. Guðrún hefur tekið tvö námskeið hjá Endurmenntun Háskólans og Hildur hefur tekið önnur lögreglutengd námskeið.

Um ræða

Meginmarkmiðið með rannsókn þessari var að skoða upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis með tilliti til nokkurra efnispátta. Niðurstöður leiða ýmislegt markvert í ljós.

Þó nokkrar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis (Gracia o.fl., 2008; Stith, 1990; Watkins, 2005) en engar slíkar rannsóknir eru til hér á Íslandi. Ljóst er að ofbeldi á heimilum er algengt vandamál (Johnson, 2007; Rying, 2001) sem teygir anga sína um allt samfélag og þeir sem þjást af völdum þess eru ekki einungis þolendur og gerendur. Börn sem búa við ofbeldi heima fyrir, verða óneitanlega fyrir áhrifum, sem mun hafa umtalsverð áhrif á þau allt þeirra líf. Þegar þátttakendur voru spurðir út minnistæðan og erfiðan vettvang, nefndu þeir allir vettvang þar sem börn voru til staðar.

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að heimilisofbeldi hefur áhrif á lögreglumenn og upplifun þeirra af vettvangi er að mörgu leyti svipuð. Lögreglumenn eru oftast með þeim fyrstu á vettvang eftir að tilkynning berst og eru aðstæður sem mæta lögreglumönnum ólíkar hverju sinni og hafa mismunandi áhrif á þá persónulega. Orð eins og valdleysi, gremja, vanmætti og vonleysi koma ítrekað fyrir í niðurstöðum.

Aðgerðir á vettvangi

Rætt var við þátttakendur um þau ferli sem fara af stað eftir að útkall vegna ofbeldis á heimili berst þeim. Í ljós kemur að áður en farið er inn á heimili er kannað hvort fyrri saga sé til um ofbeldi á heimilinu og hefur slík vitneskja áhrif á aðgerðir lögreglumanna á vettvangi. Þá vita lögreglumenn betur við hverju þeir mega búast inni á heimilinu. Aðstæður sem mæta lögreglumönnum á vettvangi eru það ólíkar að nær ómögulegt er að gera sér grein fyrir því hvort heimilisofbeldi hafi áður gerst á tilteknum vettvangi, nema vitneskjan liggi fyrir. Í raun vita lögreglumenn aldrei hverju þeir eiga von á.

Mismunandi er hvernig málin leysast á vettvangi og eru allir þátttakendur sammála því að orð aðila á vettvangi eru alltaf tekin með fyrirvara, þá sérstaklega orð þolenda eins og aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á (DeJong o.fl., 2008; Rigakos, 1995; Stephens og Sinden, 2000). Þegar traust hefur myndast á milli lögreglumanna og íbúa og vilji þeirra síðarnefndu til að þiggja þá aðstoð sem lögreglumenn geta veitt, þá er samt algengasta niðurstaðan sú að enginn á vettvangi kys að gera nokkuð og neyðast þá lögreglumenn til að yfirgefa vettvang, þó eftir að þeir hafa tryggt ástandið. Lögreglumenn lýsa því allir yfir í niðurstöðum hversu ósáttir þeir eru með slíka framvindu, sérstaklega þar sem þeir búast við því að þurfa að koma aftur á þennan vettvang, jafnvel sama kvöldið. Margir þátttakenda hafa ítrekað komið á vettvang og sumir þeirra farnir að þekkja íbúanna vegna fyrri afskipta.

Ef lögreglumönnum gefst tækifæri til aðgerða á vettvangi, miðast þær aðallega við að koma á friði og benda einstaklingum á þau ráð sem til eru. Vegna verklagsreglna um aðgerðir á vettvangi heimilisofbeldis (Ríkislögreglustjórinn, 2005), mega lögreglumenn ekki handtaka nema ógn stafi af geranda eða þolandi hafi orðið fyrir það miklum áverkum að fara verður með hann á slysadeild. Hlutskipti á vettvangi æxlast oftast á þá leið að lögreglumenn fara sérstaklega að óskum þolanda. Þá framvindu er einnig að finna í öðrum rannsóknum (Hart, 1993; Jordan, 2004).

Handtökur á vettvangi eru ekki algengar. Þátttakendur eru bundnir verklagsreglum sem áður hafa verið nefndar (Ríkislögreglustjórinn, 2005) og finna þar af leiðandi fyrir valdleysi sínu á vettvangi sem veldur sumum þeirra gremju. Lögreglumenn telja að ákvörðun um framvindu mála á vettvangi eigi að vera í þeirra höndum, því þeir eru hlutlausir aðilar á vettvangi og oftast hefur brot verið framið. Þar af leiðandi eru lögreglumenn mjög áttavilltir þegar þeir eru síðan kallaðir aftur á sama vettvang og vita í raun og veru ekki hvað skal til bragðs taka.

Miklar breytingar hafa orðið á aðgerðum er varða handtökur á vettvangi heimilisofbeldi í gegnum árin og skýra þær breytingar að miklu leyti vanmátt lögreglumanna, því hér áður fyrr lauk aðgerðum á vettvangi með skilyrðislausri handtöku á geranda og hann fjarlægður af vettvangi.

Rannsóknin bendir þó til þess að lögreglumenn gera sér vel grein fyrir því að handtaka er aðeins skammtímaúrræði sem felur í sér tímabundnar lausnir fyrir

heimilið. Þeir vita að miklu meira liggur að baki ofbeldinu og til þess að stöðva ofbeldisferlið verða hlutaðeigandi aðilar á vettvangi að taka málin í sínar hendur. Erlendar rannsóknir (Berk o.fl., 1992; Pate og Hamilton, 1992; Sherman og Smith, 1992) sýna einmitt að árangur af handtökum getur verið vafasamur og jafnvel aukið ofbeldið til lengri tíma.

Viðhorf aðila og upplifun lögreglumanna á vettvangi

Það sem einna helst hefur áhrif á það hvort lögreglumenn komast inn á heimilið, er hvaðan tilkynningin um ofbeldið kom. Ef tilkynning berst frá aðila utan heimilisins, er frekar reynt að koma í veg fyrir að lögreglumönnum sé hleypt inn á heimilið. Þátttakendur hafa lent í því að hurðinni sé skellt á þá og þeir beðnir um að fara. Lögreglumenn hafa ekki heimild til að fara inn á heimili nema með leyfi íbúa, að undanskilinni þeirri vitneskju að alvarlegt brot sé að eiga sér stað og þá mega þeir brjóta sér leið inn.

Ef tilkynningin, aftur á móti, kemur frá heimilinu eru þátttakendur frekar boðnir velkomnir inn en finna oft fyrir því að nærveru þeirra sé ekki óskað. Annað í niðurstöðum sem vekur áhuga, er að leið lögreglumanna er enn greiðari inn á heimilið ef gerandi tilkynnir. Í heildina er algengasta atburðarrásin sú að lögreglumenn þurfa frá að hverfa, sökum viljaleysis íbúa til að þiggja aðstoð þeirra.

Niðurstöður sýna auk þess fram á að vettvangur er mjög viðkvæmur. Mikið hefur gengið á og aðilar eru oft í miklu uppnámi þegar lögreglan mætir á staðinn. Því þarf að mörgu að huga svo ástandið versni ekki aftur og þurfa lögreglumenn að vera mjög yfirvegaðir á vettvangi til þess að róa niður aðstæður, komast hjá mistökum og viðhalda sjálfsstjórn en um leið verða þeir að sýna að þeir hafi stjórn á aðstæðum.

Framkoma lögreglumanna skiptir því töluverðu máli þegar reynt er að koma á friði á vettvangi. Rangt orðaval lögreglumanns eða ákveðinn tónn í röddu hans, getur sömuleiðis valdið uppnámi hjá aðilum á vettvangi á nýjan leik. Nógu erfitt er fyrir lögreglumenn að komast inn á heimilið ef síðan nærveru þeirra er ekki lengur óskað vegna einhvers í fari þeirra sem íbúar kunna ekki við.

Þá getur aldur lögreglumanna einnig haft áhrif, þar sem ungir lögreglumenn eru ekki taldir kunna lífsins reglur og nefndu margir þátttakenda að þeir reyni ávallt að sýna að þeir búi yfir ákveðinni reynslu og miðli því til aðila á vettvangi. Athygli vekur að aðeins tveir af þátttakendunum ellefu hafa aldrei upplifað að aldur sinn væri einhver áhrifaþáttur á vettvangi og voru þessi þátttakendur báðir kvenkyns.

Ef lögreglumaður er aftur á móti eldri en íbúar geta þeir átt von á svipuðum viðbrögðum frá aðilum á vettvangi, því þá gæti þeim fundist að lögreglan viti of mikið, eins og foreldrar að ávíta börnin sín. Þessar niðurstöður skýra enn frekar hvaða viðhorf mæta lögreglumönnum á vettvangi og oft er talið að þeir séu ekki að koma til að aðstoða heldur til að gera einhvern óskunda. Flestir þátttakenda upplifðu að aðilar á vettvangi litu á þá sem tilfinningalausar verur, sérstaklega var búningurinn að trufla íbúanna.

Algengi áfengis- og vímuefni er algjört á vettvangi og man enginn af þátttakendum eftir að hafa komið inn á heimili þar einhvers konar vímuefni voru ekki til staðar. Þar sem flestir eru undir áhrifum áfengis, getur það átt sinn þátt í þeim misskilningi eða mistúlkun sem aðilar upplifa af framkomu lögreglumanna.

Rannsóknin gefur auk þess til kynna að áður en lögreglumenn yfirgefa heimilið, eru þeir búnir að reyna allar leiðir til að róa niður aðstæður og fá hlutaðeigandi aðila til að slíta ofbeldisferlið. Ef enginn vilji er fyrir hendi af hálfu aðila, þá verða lögreglumenn að víkja. Sökum þessa valdleysis á vettvangi, finna lögreglumenn fyrir vanmætti gagnvart aðilum, þar sem aðilar eiga oftast í erfiðleikum með að skilja hvað sé rétt í stöðunni. Þessar niðurstöður styðja ekki rannsóknir Felson og Ackerman (2001) og Levine (1999) sem færa rök fyrir því að lögreglumenn séu tregir til aðgerða á vettvangi heimilisofbeldis.

Eins og komið hefur fram, eiga lögreglumenn oft erfitt með að átta sig á aðstæðum, fyrst þegar á vettvang er komið. Í byrjun er kannski ekki ljóst hver er brotamaðurinn, því á vettvangi heyrta lögreglumenn allar útgáfur af atburðarrásinni og oftast eru tvær sögur í gangi. Ásakanir fljúga á milli gerenda og þolenda. Þá verða lögreglumenn ítrekað vitni að því þegar íbúar reyna að fegra sig og vilja ekki að neinn komist að leyndarmáli heimilisins. Með þess háttar hegðun reyna íbúar að hafa áhrif á framgang mála á vettvangi og sömuleiðis á viðhorf lögreglumanna gagnvart sér.

Goffman bendir á að í samskiptum á milli einstaklinga reyna báðir aðilar að hafa áhrif á viðhorf hvors annars með áhrifastjórnun (impression management) (Goffman, 1959). Áhrifastjórnun skýrir að hluta til fyrstu viðbrögð aðila á vettvangi þegar lögreglumenn mæta eftir tilkynningu um heimilisofbeldi, því algengt er að lögreglumönnum er ekki hleypt inn ef utanaðkomandi aðili tilkynnir. Áhugavert er að skoða þessa sakleysislegu mynd sem einstaklingar á vettvangi færa fram og ekki síður í ljósi kenninga Goffmans um stimplun (*stigma*). Með því er átt við að samfélagið gerir tilraun til að flokka einstaklinga eftir ákveðnum stöðlum sem þar eru ríkjandi. Þeir sem falla utan þessara staðla eru oft meðvitaðir um það og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að fegra sig fyrir öðrum (Ritzer og Goodman, 1983).

Að auki reyna aðilar ávallt að viðhalda því hlutverki sem þeir hafa kosið sér, samkvæmt stöðlum samfélagsins. Hér má nefna að margir af þeim þolendum sem þátttakendur hafa þurft að hafa afskipti af á vettvangi heimilisofbeldis, vilja alls ekki að hringt sé í ættingja þeirra eða vini, þeim til stuðnings. Vandamálið á heimilinu má ekki fréttast.

Vonleysi er orð sem kemur fram hjá öllum þátttakendum. Ekki aðeins vegna valdleysis síns á vettvangi heldur einnig vegna þess að þeir gefa sig alla fram og aðstoðin er oftast ekki þegin af íbúum en vonast þó til að eftir að þeir hafa yfirgefið vettvang, þá muni þolandi átta sig og gera eitthvað í sínum málum.

Lögreglumenn eru auk þess ekki sáttir við valdleysi sitt á vettvangi heimilisofbeldis og hversu fábrotnar heimildir til aðgerða eru. Slíkt viðhorf leiðir til gremju gagnvart sumum íbúum, þá sérstaklega þolendum fyrir að taka ekki af skarið og stöðva ofbeldisferlið. Athygli vekur að um helmingur þátttakenda furða sig frekar á aðgerðarleysi þolenda en gerenda og telja flestir þátttakenda að þolendur séu farnir að setta sig við aðstæður sínar. Enginn af þátttakendum talaði um að kominn væri tími fyrir geranda að gera eitthvað í sínum málum. Sökum valdleysis síns telja flestir þátttakenda að aðgerðir þeirra á vettvangi munu ekki skila neinum árangri, eins og Rigakos (1995) hefur einnig komist að.

Athygli vekur að enginn af þátttakendum hefur leitað til þeirra sérfræðinga á sálgæslusviði sem þeir hafa aðgang að. Jafnvel þó að upplifun þeirra af vettvangi heimilisofbeldis hafi oft verið mjög neikvæð, bæði frá aðilum og aðstæðum á vettvangi. Fram kemur hjá öllum nema einum lögreglumanni að þeir láta málin á

vettvangi ekki hafa áhrif á sig og segjast vera búnir að byggja upp harðan skráp í gegnum árin. Niðurstöður Kop og Euwema (2001) gefa til kynna að lögreglumening, sem oft er talin karlmannleg getur bælt niður aðgang að tilfinningalegum vandamálum. Einnig er það hluti af menningu lögreglumanna, að virðast harðskeyttir undir hvaða kringumstæðum sem er (Waddington, 1999).

Þeir þátttakendur sem mestu starfsreynsluna hafa, benda allir á að hér áður fyrr var mun algengara eftir vaktir eða hvenær sem tími gafst til, að setjast inn á kaffistofu og spjalla. Í dag gefst lögreglumönnum ekki tækifæri til þess, næsta útkall bíður þeirra oftast þegar út í bíl er komið. Áður fyrr „þössuðu“ eldri lögreglumenn upp á þá yngri og voru þeim til staðar eftir erfið útköll. Það þekkist ekki í dag sökum tímaskorts. Rannsóknir (Burke og Mikkelsen, 2005; Kop og Euwema, 2001) á starfsþrotum lögreglumann hafa meðal annars bent á algengi starfsþrota vegna erfiðra vinnuáðstæðna.

Lögreglumenn sem hafa tíma til að hvílast á milli erfiðra verkefna, eru betur tilbúnir að veita aðilum á vettvangi tilheyrandi aðstoð. Rannsóknir gefa til kynna að þegar lögreglumenn sína þolendum skilning og virðingu, eru þolendur mun líklegri til að ákæra og slíta ofbeldissambandinu (Chandek, 1999; Gracia, 2004; Holder, 2001; Martin, 1997).

Breytingar

Rannsóknin færir einnig fram þær breytingar sem þátttakendur vilja sjá á aðgerðum sínum á vettvangi. Flestir nefna að valdið á vettvangi ætti skilyrðislaust að liggja hjá lögreglumönnum. Þeir eru hlutlausir aðilar á vettvangi og þar af leiðandi ættu þeir að taka ákvörðun um framhaldið. Heimild þeirra til aðgerða er mjög takmörkuð í dag. Til að mynda benda tveir lögreglumenn á austurrísku leiðina, þar sem geranda er umsvifalaust vísað af vettvangi í ákveðinn tíma (Haller, 2005; Logar, 2005).

Aðrir þátttakendur vilja meiri menntun og fræðslu um heimilisofbeldi, bæði í Lögregluskólanum og einnig fyrir starfandi lögreglumenn, því eins og fram kemur í niðurstöðum, hafa flestir lögreglumanna litla sem enga þjálfun fengið í heimilisofbeldismálum og því telja lögreglumenn mikilvægt að bæta það. Bent

hefur verið á að þeir lögreglumenn sem hafa takmarkaðan skilning á heimilisofbeldi eiga erfiðara með að átta sig á aðstæðum og tilfinningum einstaklinga á vettvangi (Dejong o.fl., 2008).

Þó telur meirihluti þátttakenda, alls níu, að aðgerðir tengdar heimilisofbeldi sé ekki hægt að kenna. Þeirra mat er að reynslan kenni þeim réttar lögregluaðgerðir á vettvangi. Gracia o.fl. (2008) telja að mikilvægt sé að samræma lögregluaðgerðir til að betri niðurstaða fái á vettvangi heimilisofbeldis. Að auki spilar viðhorf lögreglumanna mikilvægt hlutverk í því hvernig samfélagið lítur á heimilisofbeldi. Ef það samþykkir heimilisofbeldi munu einstaklingar og þar með talin lögreglan, ekki finnast þeir skuldbundnir til afskipta (Johnson o.fl., 2008).

Rannsóknarspurningum svarað

Til að draga saman meginþætti rannsóknarinnar og svara rannsóknarspurningum, þá ber fyrst að nefna að upplifun lögreglumanna á vettvangi heimilisofbeldis litast mjög af þeim aðstæðum og aðilum sem þar mæta þeim. Mikill tími hjá lögreglumönnum á vettvangi fer í að komast að orsökum vandans og reynist þeim það oft á tíðum mjög erfitt.

Þeir koma á friði meðal aðila og miðla þeim áfram á viðeigandi staði og fara ákvarðanir á vettvangi þar af leiðandi eftir vilja íbúa nema hætta stafi á vettvangi, þá grípa lögreglumenn til frekari aðgerða. Sjaldan er sú aðstoð þegin sem lögreglumenn veita og lýsa lögreglumenn yfir vanmætti sínum þegar þeir eru síðan kallaðir aftur á sama heimilið vegna ofbeldis á nýjan leik. Heimilisofbeldi er aldrei einstakt tilvik. En aftur á móti, ef ekkert er vitað um fyrri tilvik, reynist lögreglumönnum mun erfiðara að átta sig á kringumstæðum.

Á vettvangi hefur mikið gengið á og aðilar eru ekki allir tilbúnir til þess að hleypa lögreglumönnum inn og oft er litið á þá sem tilfinningalausar verur. Lögreglumenn gera sér grein fyrir því að aðgerðir þeirra á vettvangi eru einungis tímabundnar og heimild þeirra til aðgerða, eins og handtaka, er mjög takmörkuð. Sökum misræmis í frásögnum íbúa reynist mörgum lögreglumönnum erfitt að átta sig á alvarleika ofbeldisins.

Ef lögreglumenn geta sest niður með hlutaðeigandi aðilum, talað við þá og komið því að, að þeir hafi áður komið á vettvang undir svipuðum kringumstæðum og telji sig vita um hvað málin snúast, þá eiga þeir auðveldara með að hafa áhrif á aðilana sem vonandi verður til þess að ofbeldinu ljúki.

Helstu breytingar sem lögreglumenn óska eftir, eru aukið vald til aðgerða á vettvangi, sérstaklega til að fjarlægja brotamann, þó ekki væri nema í stuttan tíma. Þeir telja að ákvarðanataka um framvindu mála á vettvangi eigi að liggja hjá þeim. Að auki benda þeir á þörfina fyrir meiri fræðsla um heimilisofbeldi.

Frekari rannsóknir

Þar sem rannsókn þessi byggir á viðtölum við ellefu lögreglumenn sem starfandi eru hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, væri áhugavert í framtíðinni að skoða upplifun lögreglumanna úr öðrum embættum utan höfuðborgarsvæðisins. Á Íslandi er mjög algengt að einstaklingar sem búa í þéttbýliskjörnum utan höfuðborgarsvæðisins séu mjög kunnugir hver öðrum. Því væri áhugvert að skoða upplifun þeirra lögreglumanna sem koma inn á heimili einstaklinga sem þeir þekkja mjög vel úr samfélaginu. Hefur það önnur áhrif á aðgerðir á vettvangi ef lögreglumaður og til að mynda gerandi þekkjast mjög vel?

Önnur nálgun væri að gera megindelega rannsókn á upplifun lögreglumanna þar sem nokkrar aðstæður á vettvangi heimilisofbeldis eru settar fram og lögreglumenn myndu svara spurningalista um ýmis atriði tengd þessum atburðarrásum.

Heimildir

- Apsler, R., Cummins, M. R. og Carl, S. (2003). Perceptions of the Police by Female Victims of Domestic Partner Violence. *Violence Against Women*, 9, 1318-1335.
- Avakame, E. F. og Fyfe, J. J. (2001). Differential Police Treatment of Male-on-Female Spousal Violence: Additional Evidence on the Leniency Thesis. *Violence Against Women*, 7, 22-45.
- Bachman, R. og Coker, A. L. (1995). Police Involvement in Domestic Violence: The Interactive Effects of Victim Injury, Offender's History of Violence, and Race. *Violence and Victims*, 10, 91-106.
- Bayley, D. H. (2006). What do the police do? Í T. Newburn (Ritstj.), *Policing. Key Readings*. (bls. 141 – 149). Devon: Willan Publishing.
- Berk, R. A., Campbell, A., Klap, R. og Western, B. (1992). The Deterrent Effect of Arrest in Incidents of Domestic Violence: A Bayesian Analysis of Four Field Experiments. *American Sociological Review*, 57, 698-708.
- Buchbinder, E. og Eisikovits, Z. (2004). Between Normality and Deviance: The Breakdown of Batterers' Identity Following Police Intervention. *Journal of Interpersonal Violence*, 19, 443-467.
- Burke, R. J. og Mikkelsen, A. (2005). Burnout, job stress and attitudes towards the use of force by Norwegian police officers. *Policing*, 28, 269-278.
- Cancino, J. M. og Enriquez, R. (2004). A qualitative analysis of officer peer retaliation: Preserving the police culture. *Policing*, 27, 320-340.

- Chan, J. (2006). Changing police culture. Í T. Newburn (Ritstj.), *Policing. Key Readings*. (bls. 338 – 363). Devon: Willan Publishing.
- Chandek, M. S. (1999). Race, expectations and evaluations of police performance: An empirical assessment. *Policing: An International Journal of Police Strategies & Management* 22, 675-695.
- Corcoran, J., Stephenson, M., Perryman, D. og Allen, S. (2001). Perceptions and Utilization of a Police – Social Work Crisis Intervention Approach to Domestic Violence. *Families in Society*, 82, 393-398.
- Danis, F. S. (2003). The Criminalization of Domestic Violence: What Social Workers Need to Know. *Social Work*, 48, 237-246.
- DeJong, C., Burgess-Proctor, A. og Elis, L. (2008). Police Officer Perceptions of Intimate Partner Violence: An Analysis of Observational Data. *Violence and Victims*, 23, 683-696.
- Erez, E. og Belknap, J. (1998). In Their Own Words: Battered Women Assessment of the Criminal Processing System's Responses. *Violence and Victims*, 13, 251-268.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. USA: McGraw-Hill.
- Felson, R. B. og Ackerman, J. (2001). Arrest for domestic and other assaults. *Criminology*, 39, 655-675.
- Felson, R. B., Messner, S. F. og Hoskin, A. (1999). The Victim-Offender Relationship and Calling the Police in Assaults. *Criminology*, 37, 931-947.

- Felson, R., Messner, S., Hoskin, A. og Deane, G. (2002). Reasons for reporting and not reporting domestic violence to the police. *Criminology*, 40, 617-647.
- Finn, M. A. og Bettis, P. (2006). Punitive Action or Gentle Persuasion: Exploring Police Officers' Justifications for Using Dual Arrest in Domestic Violence Cases. *Violence Against Women*, 12, 268-287.
- Fleury, R. E., Sullivan, C. M., Bybee, D. I. og Davidson II, W. S. (1998). "Why Don't They Just Call the Cops?": Reasons for Differential Police Contact Among Women with Abusive Partners. *Violence and Victims*, 13, 333-346.
- Gaines, J. og Jermier, J. M. (1983). Emotional exhaustion in a High Stress Organization. *Academy of Management Journal*, 26, 567-586.
- Goffman, E. (1959). *The Presentation of Self in Everyday Life* (4. útgáfa). New York: Doubleday.
- Gracia, E. (1995). Visible but unreported: A case for the "not serious enough" cases of child maltreatment. *Child Abuse and Neglect*, 19, 1083-1093.
- Gracia, E. (2004). Unreported Cases of Domestic Violence Against Women: Towards an Epidemiology of Social Silence, Tolerance and Inhibition. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 58, 536-537.
- Gracia, E., García, F. og Lila, M. (2008). Police Involvement in Cases of Intimate Partner Violence Against Women: The Influence of Perceived Severity and Personal Responsibility. *Violence Against Women*, 14, 697-714.
- Gracia, E. og Herrero, J. (2006). Acceptability of domestic violence against women in the European Union: A multilevel analysis. *Journal of Epidemiology and Community Health*, 60, 123-129.

Guðbjörg S. Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (Óútgefið). *Heimilisofbeldi á Íslandi*. Óbirt handrit.

Haller, B. (2005, júní). *The Austrian Legislation against Domestic Violence: Brief summary of the key aspects of the legislation and the judiciary system relevant to the protection of women and children*. Sótt 21. júlí af http://www.ikf.ac.at/english/austrian_legislation_against_domestic_violence.pdf

Hanmer, J., Radford, J. og Stanko, E. A (1989). *Women, policing, and male violence: International perspectives*. New York: Routledge.

Hart, B. (1993). Battered Women and the Criminal Justice System. *The American Behavioral Scientist*, 36, 624-638.

Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Hickman, L. J. og Simpson, S. S. (2003). Fair Treatment or Preferred Outcome? The Impact of Police Behavior on Victim Reports of Domestic Violence Incidents. *Law & Society Review*, 37, 607-633.

Holder, R. (2001, júlí). *Domestic and Family Violence: Criminal Justice Interventions* (Issues paper 3). Sydney: Australian Domestic and Family Violence Clearinghouse. Sótt 30. júlí af <http://www.austdvclearinghouse.unsw.edu.au/PDF%20files/issuespaper3.pdf>.

Hoyle, C. og Sanders, A. (2000). Police Response to Domestic Violence: From Victim Choice to Victim Empowerment? *The British Journal of Criminology*, 40, 14-36.

- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánnum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Johnson, I. M. (2007). Victims' perceptions of police response to domestic violence incidents. *Journal of Criminal Justice*, 35, 498-510.
- Johnson, H., Ollus, N. og Nevala, S. (2008). *Violence Against Women: An International Perspective*. New York: Springer.
- Jordan, C. E. (2004). Intimate Partner Violence and the Justice System: An Examination of the Interface. *Journal of Interpersonal Violence*, 19, 1412-1434.
- Kop, N. og Euwema, M. C. (2001). Occupational Stress and the Use of Force by Dutch Police Officers. *Criminal Justice and Behavior*, 28, 631-652.
- Lavoie, F., Jacob, M., Hardy, J. og Martin, G. (1989). Police Attitudes in Assigning Responsibility for Wife Abuse. *Journal of Family Violence*, 4, 369-388.
- Leisenring, A. (2008). Controversies Surrounding Mandatory Arrest Policies and the Police Response to Intimate Partner Violence. *Sociology Compass*, 2, 451-466.
- Levine, M. (1999). Rethinking Bystander Nonintervention: Social Categorization and the Evidence of Witnesses at the James Bulger Murder Trial. *Human Relations*, 52, 1133-1155.
- Logar, R. (2005, júlí). *The Austrian Model of Intervention in Domestic Violence Cases*. Sótt 21. júlí af <http://www.un.org/womenwatch//daw/egm/vaw-gp-2005/docs/experts/logar.dv.pdf>

Lögregluvefurinn. (e.d.). *Tilhögun grunnnáms?* Sótt 22. júní af http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=559

Manning, P. K. (2006). The police: mandate, strategies, and appearances. Í T. Newburn (Ritstj.), *Policing. Key Readings*. (bls. 191 – 214). Devon: Willan Publishing.

Marklund, F. og Nilsson, L. (2008, júní). *Polisens utredningar av våld mot kvinnor i nära relationer*. BRÅ-rapport 2008:25. Sótt 25. júní af http://www.bra.se/extra/measurepoint/?module_instance=4&name=2008_25_Polisens_utredningar_av_v_ld_i_n_ra_relationer_webb.pdf&url=/dynamaster/file_archive/081215/d75ed3634299fa9e99c1ab7c10f63cb8/2008%25f25%25fPolisens%25futredningar%25fav%25fv%25fld%25fi%25fn%25fra%25frelationer%25fwebb.pdf

Martin, M. E. (1997). Policy promise: community policing and domestic violence victim satisfaction. *Policing: An International Journal of Police Strategies & Management* 20, 519-531.

Ministri of Justice and the Police (2008, september). *Turning Point: Action Plan against Domestic Violence 2008-2011*. Sótt 19. september 2009 af http://www.regjeringen.no/upload/JD/Vedlegg/Handlingsplaner/Vendepunkt_eng.pdf

Moffitt, T. og Caspi, A. (1999, nóvember). *U. S. Department of Justice: Finding About Partner Violence From the Dunedin Multidisciplinary Health and Development Study*. Sótt 25. nóvember 2008 af <http://www.ncjrs.gov/pdffiles1/170018.pdf>.

Pate, A. M. og Hamilton, E. E. (1992). Formal and Informal Deterrents to Domestic Violence: The Dade County Spouse Assault Experiment. *American Sociological Review*, 57, 694-697.

- Rigakos, G. S. (1995). Constructing the Symbolic Complainant: Police Subculture and the Nonenforcement of Protection Orders for Battered Women. *Violence and Victims, 10*, 227-247.
- Ritzer, G. og Goodman, D. J. (1983). *Sociological Theory* (6. útgáfa). New York: McGraw-Hill.
- Ríkislögreglustjórnin. (2005, júní). Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Sótt 28. júní af http://logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=6572
- Robinson, A. L. og Chandek, M. S. (2000). The Domestic Violence Arrest Decision: Examining Demographic, Attitudinal, and Situational Variables. *Crime and Delinquency, 46*, 18-37.
- Robinson, A. L. og Strohine, M. S. (2005). The importance of expectation fulfilment on domestic violence victims' satisfaction with the police in the UK. *Policing, 28*, 301-320.
- Ryning, M. (2001, júlí). *Dödligt våld mot kvinnor i nära relationer*. BRÅ-rapport 2001:11. Sótt 6. júlí af http://www.bra.se/extra/measurepoint/?module_instance=4&name=01112013583.pdf&url=/dynamaster/file_archiv/e/050119/1ee23874a315b00b6c6e77150c9a4bd9/01112013583.pdf
- Sherman, L. W. og Smith, D. A. (1992). Crime, Punishment and Stake in Conformity: Legal and Informal Control of Domestic Violence. *American Sociological Review, 57*, 680-690.
- Sigurður J. Grétarsson. (2002). Skil milli megindlegra og eigindlegra rannsókna í félagsvísindum: Eigindlega óþarfi í megindatriðum. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 551-557). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Skolnick, J. (2006). A sketch of the policeman's „working personality“. Í T. Newburn (Ritstj.), *Policing. Key Readings*. (bls. 264 – 279). Devon: Willan Publishing.
- Smith, A. (2000). It's My Decision, Isn't It? A Research Note on Battered Women's Perceptions of Mandatory Intervention Laws. *Violence Against Women*, 6, 1384-1402.
- Stephens, B. J. og Sinden, P. G. (2000). Victims' Voices: Domestic Assault Victims' Perceptions of Police Demeanor. *Journal of Interpersonal Violence*, 15, 534-547.
- Stewart, A. og Maddre, K. (1997). Police Officers' Judgements of Blame in Family Violence: The Impact of Gender and Alcohol. *Sex Roles*, 37, 921-933.
- Stith, S. M. (1990). Police Response to Domestic Violence: The Influence of Individual and Familial Factors. *Violence and Victims*, 5, 37-49.
- Terrill, W., Paoline III, E. A. og Manning, P. K. (2003). Police Culture and Coercion. *Criminology*, 41, 1003-1034.
- Trujillo, M. P. og Ross, S. (2008). Police Response to Domestic Violence: Making Decisions About Risk and Risk Management. *Journal of Interpersonal Violence*, 23, 454-473.

- Osthoff, S. (2002). But, Getrude, I Beg to Differ, a Hit Is Not a Hit Is Not a Hit: When Battered Women Are Arrested for Assaulting Their Partners. *Violence Against Women*, 8, 1521-1544.
- Waddington, P. A. J. (1999). Police (canteen) sub-culture: An Appreciation. *The British Journal of Criminology*, 39, 287-309.
- Watkins, P. (2005). Police Perspective: Discovering Hidden Truths in Domestic Violence Intervention. *Journal of Family Violence*, 20, 47-54.
- Westley, W. (2006). Responsibilities of the police. Í T. Newburn (Ritstj.), *Policing. Key Readings*. (bls. 137 – 140). Devon: Willan Publishing.
- Wolf, M. E., Ly, U., Hobart, M. A. og Kernic, M. A. (2003). Barriers to Seeking Police Help for Intimate Partner Violence. *Journal of Family Violence*, 18, 121-129.

